

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



STARFSÞRÓUN KENNARA GREINING Á SJÓÐAUMHVERFI

Desember 2014

Sigrún Vésteinsdóttir

Verknúmer: R13057GRE

© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2014

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-19-2014

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

*Skýrsla unnin fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið*

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur.....	1
2.	Gögn og aðferðir.....	5
3.	Sjóðir sem styðja við starfsþróun kennara.....	6
3.1.	Leikskólastig	6
3.2.	Grunnskólastig.....	8
3.3.	Framhaldsskólastig	12
3.4.	Tónlistarskólar	17
3.5.	Sjóðir þvert á skólastig	18
3.6.	Erlendir sjóðir.....	19
4.	Aðkoma sveitarfélaga að starfsþróun kennara.....	22
4.1.	Lagalegar skyldur	22
4.2.	Kjarasamningsbundnar skyldur	23
4.3.	Annar stuðningur sveitarfélaga við starfsþróun.....	23
5.	Aðkoma ríkisins að starfsþróun kennara	27
5.1.	Lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur	27
5.2.	Stuðningur framhaldsskóla fram yfir skyldur ríkisins	27
6.	Aðkoma háskólastofnana að starfsþróun kennara	28
6.1.	Menntavísindasvið Háskóla Íslands	28
6.2.	Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri	30
6.3.	Listaháskóli Íslands	31
6.4.	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum.....	31
6.5.	Landbúnaðarháskóli Íslands	32
6.6.	Háskólinn á Bifröst.....	32
6.7.	Háskólinn í Reykjavík	33
7.	Samantekt og greining	34
8.	Heimildir	40
	Viðauki 1: Tölur.....	42
	Viðauki 2: Nokkur dæmi um aðkomu sveitarfélaga að starfsþróun kennara	47

1. INNGANGUR

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á hvaða tækifæri kennarar hafa til starfsþróunar og hversu miklum fjármunum er úthlutað til hennar. Greiningin tekur til sjóða sem standa leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarkennurum til boða. Það skal tekið fram hér að þegar talað er um kennara í skýrslunni er víðast átt við skólastjórnendur líka og ráðgjafa, þ.e. náms- og starfsráðgjafa og aðra ráðgjafa s.s. sérkennslu- og kennsluráðgjafa. Þetta er gert til að koma í veg fyrir endurtekna upptalningu. Jafnframt er skoðuð aðkoma ríkis, sveitarfélaga og háskólastofnana að starfsþróun kennara. Vinnan fór fram á tímabilinu febrúar til maí 2014 og aftur í desember 2014 og byggir á þeim upplýsingum sem fengust frá viðeigandi aðilum.

Niðurstöður skýrslunnar eru ekki tæmandi en gefa góða mynd af því hvaða sjóðir styðja starfsþróun kennara í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, hverskonar starfsþróun er styrkt og hversu miklum fjármunum er varið í málaflokkinn. Gagnaöflun frá einstökum sjóðum gekk misjafnlega sem hefur áhrif á að ákveðins misræmis gætir í framsetningu í skýrslunni. Skýrslan var unnin að beiðni fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara sem skipað er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Þegar rætt er um starfsþróun og hún greind er mikilvægt að hafa í huga skilgreiningu á hugtakinu en það er tillaga fagráðsins að skilgreina starfsþróun með eftirfarandi hætti:

Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Sú starfsþróun sem sjóðir styrkja er líklega að minnstu leyti sú starfsþróun sem á sér stað í daglegu starfi nema hún sé beintengd formlegu námi eða námskeiðum.

Skýrslan er þannig byggð upp að í 3. kafla er gerð grein fyrir sjóðum sem styðja við starfsþróun kennara í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum. Greint er frá því hvaða fjármagn er til ráðstöfunar í sjóðunum og hvernig því er ráðstafað. Í 4. kafla er gerð grein fyrir lagalegum og kjarasamningsbundnum skyldum sveitarfélaga. Að auki er reynt að varpa ljósi á það hversu miklu fjármagni sveitarfélög af mismunandi stærð víðsvegar á landinu veita til starfsþróunar fyrir utan lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur. Í 5. kafla er gerð grein fyrir lagalegum og kjarasamningsbundnum skyldum ríkisins á starfsþróun kennara. Að auki er reynt að varpa ljósi á hvað framhaldsskólar gera til að styðja við starfsþróun starfsfólks, fram yfir skyldur ríkisins. Í 6. kafla er skoðað með hvaða hætti háskólastofnanir styðja við starfsþróun kennara. Í 7. kafla er að finna helstu niðurstöður.

Árið 2012 var úthlutað um 1,3 milljörðum kr. til starfsþróunar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, úr þeim sjóðum sem greint er frá í þessari skýrslu, fyrir utan erlendu sjóðina. Upphæðin var um einn milljarður árið 2013. Þegar fjármagnið er greint eftir skólastigum má sjá að árið 2012 var úthlutað um 183 milljónum kr. (mkr.) til starfsþróunar í leikskólum og um 163 mkr. árið 2013. Til starfsþróunar í grunnskólum var úthlutað um 657 mkr. árið 2012 og um 488 mkr. 2013. Til starfsþróunar í framhaldsskólum var úthlutað árið 2012 um 386 mkr. og árið 2013 var úthlutað um 373 mkr. Til starfsþróunar í tónlistarskólum var úthlutað 46,7 mkr. árið 2012 og árið 2013 var úthlutað 40,7 mkr.

2. GÖGN OG AÐFERÐIR

Við vinnslu skýrslunnar var leitað eftir gögnum frá þeim sjóðum sem styðja við starfsbróun í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum og óskað eftir upplýsingum um úthlutanir fyrir árin 2012 og 2013. Mikið af upplýsingum um sjóðina og reglur þeirra eru aðgengilegar á internetinu. Upplýsingar um úthlutanir úr sjóðunum voru hins vegar mis aðgengilegar en ekki fengust ýtarlegar sundurliðanir á úthlutunum frá öllum sjóðum. Við greiningu á aðkomu háskólastofnana að starfsbróun kennara var óskað eftir samantekt um hlutverk viðkomandi stofnunar hvað þennan málaflökk varðar. Við greiningu á aðkomu ríkisins að starfsbróun kennara í framhaldsskólum voru skoðuð ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga um þessar skyldur. Einnig var leitast við að skoða hvort framhaldsskólar veittu stuðning til starfsbróunar kennara, fram yfir skyldur ríkisins. Þetta var gert með því að skoða stofnanasamninga framhaldsskóla.

Við greiningu á aðkomu sveitarfélaga að starfsbróun kennara í leik-, grunn- og tónlistarskólum voru skoðuð lög og reglugerðir sem kveða á um skyldur sveitarfélaganna í þessum efnum. Jafnframt var leitast við að nálgast upplýsingar um fjármagn sem sveitarfélög verja til starfsbróunar umfram lagalega skyldu þeirra. Haft var samband við nokkur sveitarfélög og þau beðin um að taka saman ákveðnar upplýsingar. Upplýsingar sem bárust voru mismunandi þar sem breytilegt er frá einu sveitarfélagi til annars hvaða leiðir þau fara í því að styðja við starfsbróun og hversu miklu fjármagni þau verja til hennar. Þannig gefa þessar upplýsingar í raun aðeins vísbendingar um hvernig þessum málum er háttað innan sveitarfélaganna. Til að fá ákveðið þversnið af sveitarfélögum var ákveðið að skipta þeim í fjóra stærðarflokka og hafa 3–4 í hverjum flokki og þess gætt að hafa landfræðilega dreifingu á sveitarfélögum í hverjum flokki. Nánar er gerð grein fyrir þessari greiningu í 4. kafla og jafnframt í viðauka 2.

3. SJÓÐIR SEM STYÐJA VIÐ STARFSÞRÓUN KENNARA

Um starfsþróunar- og fræðslusjóði stéttarféлага er að stærstum hluta samið í kjarasamningum. Framlög vinnuveitenda byggja á tilteknu hlutfalli af launum starfsmanna og réttur starfsmanna til að sækja um styrki í sjóðina er skilgreindur í reglum þeirra. Einnig hafa sveitarfélög og stofnanir þeirra og framhaldsskólar tækifæri til að sækja um styrki til verkefna sem stuðla að starfsþróun starfsmanna. Í þessum kafla verða listaðir upp eftir skólastigum þeir sjóðir sem kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur geta sótt í. Gerð verður grein fyrir því hvernig þeir eru fjármagnaðir og hvernig úthlutunum úr þeim er háttað.

3.1. *Leikskólastig*

Vísindasjóður Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla

Markmið Vísindasjóðs Félags leikskólakennara (FL) og Félags stjórnenda leikskóla (FSL) er að tryggja fjárhagslegan grundvöll sí- og endurmenntunar fyrir leikskólakennara og stjórnendur leikskóla í tengslum við störf þeirra. Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í FL og FLS sem taka laun eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarféлага og FL og FSL.

Hægt er að sækja um styrki vegna:

- Námskeiða og ráðstefna.
- Hópförð leikskólakennara.
- Framhaldsnáms.
- Þróunar- og rannsóknastarfa.
- Námsefnisgerðar.
- Námskeiða og ráðstefna fyrir félagsmenn.

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins. Fjórir skipa stjórn sjóðsins, einn frá FSL, einn frá FL og tveir frá atvinnurekendum. Nánari upplýsingar um reglur sjóðsins má finna á vef Kennarasambands Íslands (KÍ)¹.

¹ <http://ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/leikskolinn>

Fjármagn og úthlutanir

Tekjur sjóðsins eru annarsvegar kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfélögum sem er 1,72% af grunnlaunum og hins vegar vaxtatekjur. Tekjur sjóðsins fyrir árið 2012 voru rúmar 157 mkr. Í töflu 1 má sjá að úthlutunarupphæðin er hærri en heildartekjur sjóðsins árið 2012. Skýringin er sú að verið var að ganga á uppsafnað fé sjóðsins en það getur verið aðeins breytilegt milli ára hvort sjóðir eru að ganga á eigið fé eða að auka það. Styrkveitingum er háttað þannig að ef umsókn uppfyllir skilyrði sjóðsins og félagsmaðurinn hefur ekki nýtt rétt sinn, fær hann styrk. Ef eftirspurn eftir styrkjum er mismunandi milli ára er brugðist við því með því að hækka/lækka upphæð styrkja og/eða að fella einstaka styrki niður, tímabundið eða alveg.

Tafla 1. Skipting úthlutana úr Vísindasjóði FL og FSL, árið 2012.

Heiti styrks	Fjöldi styrkja	Upphæð (mkr.)
Einstaklingsstyrkur	2.148	89,5
Ferðastyrkur v. ECTS ein. innanlands	16	0,3
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi - Ísland	160	16,5
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi erlendis	1	0,2
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	350	35,0
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	60	1,8
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	221	28,7
Próunarstyrkur - greiðslur	6	0,7
Próunarstyrkur - umsókn	8	2,9
Samtals	2.970	175,6
Tekjur sjóðsins árið 2012		157,3

Tekjur sjóðsins árið 2013 voru rúmar 165 mkr. eins og fram kemur í töflu 2, þá var úthlutunarfjárhæðin lægri en tekjur ársins eða tæpar 154 mkr. (Starfsmaður skrifstofu KÍ, tölvupóstur, 16. janúar 2014).

Tafla 2. Skipting úthlutana úr Vísindasjóði FL og FSL, árið 2013

Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)
Einstaklingsstyrkur	1.764	89,2
Ferðastyrkur v. ECTS ein. innanlands	33	0,7
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi - Ísland	184	18,8
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi erlendis	1	0,2
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	226	22,6
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	94	2,4
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	132	17,1
Próunarstyrkur - greiðslur	2	0,7
Próunarstyrkur - umsókn	3	2,0
Samtals	2.439	153,7
Tekjur sjóðsins árið 2013		165,4

3.2. Grunnskólastig

Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ - Vonarsjóður

Markmið sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla. Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar² og stjórnendur í grunnskólum, sem eru félagsmenn í Félagi grunnskólakennara (FG) eða Skólastjórafélagi Íslands (SÍ).

Hægt er að sækja um styrki fyrir eftirfarandi:

- Námskeið, ráðstefnur.
- Kynnisferðir.
- Framhaldsnám innanlands og erlendis.
- Hópstyrki vegna náms- og kynnisferða til skóla eða stofnana.
- Aðildar-, svæða- og sérfélög geta sótt um styrki vegna faglegra fyrirlestra á haustþingum félaganna og til að sækja námskeið og ráðstefnur.
- Til rannsóknna- og þróunarverkefna.
- Námslaun í allt að 12 mánuði, ferðastyrki í tengslum við námslaun.

² Með „ráðgjafi“ er átt við náms- og starfsráðgjafa og aðra ráðgjafa s.s. sérkennslu- og kennsluráðgjafa sem starfa á skólaskrifstofum/skólum og eru félagsmenn í FG eða SÍ.

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm manns, einum frá SÍ, tveimur frá FG og tveimur frá atvinnurekendum. Nánar má sjá um reglur sjóðsins á vefsíðu KÍ.³

Fjármagn og úthlutanir

Tekjur sjóðsins eru annars vegar kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfélögum sem er 1,72% grunnlauna og hins vegar vaxtatekjur. Í töflum 3 og 4 má sjá yfirlit yfir úthlutanir úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði fyrir árin 2012 og 2013 ásamt heildartekjum sjóðsins. Sömu úthlutunarreglur gilda um þennan sjóð eins og Vísindasjóð Félags leikskólakennara (FL) og Félags stjórnenda leikskóla (FSL) að ef umsókn uppfyllir skilyrði sjóðsins og félagsmaðurinn hefur ekki nýtt rétt sinn, fær hann styrk. (Starfsmaður skrifstofu KÍ, tölvupóstur, 16. janúar 2014).

Tafla 3. Skipting úthlutana úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði árið 2012.

Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)
Einstaklingsstyrkur	2.333	126,6
Ferðastyrkur vegna ECTS ein. innanlands	108	2,1
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi - Ísland	454	42,7
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi erlendis	12	2,7
Námslaun	10	98,7
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	452	45,2
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	341	10,2
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	428	55,4
Styrkir til aðildar-, svæða- og sérfélaga	9	1,7
Þróunarstyrkur - greiðslur	120	3,9
Samtals úthlutað	4.267	389,2
Tekjur sjóðsins 2012		391,4

³ http://ki.apmedia.is/images/Skrar/sj%C3%B3%C3%B0ir/endurm/VON_reglur_060214.pdf

Tafla 4. Skipting úthlutana úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði árið 2013.

Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)
Einstaklingsstyrkur	1.712	76,8
Ferðastyrkur v. ECTS ein innanlands	88	1,8
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi - Ísland	407	40,3
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi erlendis	7	1,1
Námslaun	10	80
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu*	0	0
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	314	9,2
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu*	0	0
Styrkir til aðildar-, svæða- og sérfélaga	10	1,6
Próunarstyrkur - greiðslur	32	1,7
Samtals úthlutað	2.580	212,5
Tekjur sjóðsins 2013		405,8

*Lokað var fyrir umsóknir um skólaheimsókn/kynnisferð innan/utan Evrópu árið 2013 vegna fjárhagsstöðu sjóðsins.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Endurmenntunarsjóður grunnskóla starfar í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 91/2008. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita fé til endurmenntunar kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla. Stjórn sjóðsins getur sett fram ákveðin áherslusvið við styrkveitingu. Sjóðurinn starfar sem sjálfstæð deild undir stjórn Námsleyfasjóðs (sjá bls. 9 í skýrslu).

Fjármagn og úthlutanir

Framlög í Endurmenntunarsjóð grunnskóla voru ákveðin í fjárlögum til ársins 2012. Í árslok 2011 var samið um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem fól m.a. í sér að fjármögnun Endurmenntunarsjóðs grunnskóla fluttist yfir til sveitarfélaganna. Árin 2012 og 2013 komu greiðslur til sjóðsins því frá Jöfnunarsjóði. Samkvæmt reglum sjóðsins er úthlutað til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur í grunnskólum, þar á meðal háskóla, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, skóla, félaga, fyrirtækja og annarra sem bjóða endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur í grunnskólum. Sjóðurinn veitir hvorki fé til ferða né upphalds vegna endurmenntunar.

Í töflu 5 má sjá framlög til sjóðsins fyrir árin 2012 og 2013, hve margir umsækjendur hlutu styrk og hve miklu var úthlutað. Árið 2012 bárust umsóknir um styrki til 208

verkefna upp á ríflega 85 mkr. Árið 2013 bárust umsóknir um styrki til 172 verkefna upp á rúmar 83 mkr.

Tafla 5. Úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla, árin 2012 og 2013.

Ár	Framlag til sjóðsins (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	Fjöldi úthlutana
2012	29,9	34,0	192
2013	29,9	35,7	167

Nánari upplýsingar um reglur sjóðsins og úthlutanir má finna á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.⁴

Námsleyfasjóður kennara og stjórnenda grunnskóla

Námsleyfasjóður starfar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sjóðurinn hefur það markmið að tryggja fjárhagslega afkomu kennara, ráðgjafa og stjórnenda grunnskóla í námsleyfi. Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar⁵ og stjórnendur í grunnskólum sem eru félagsmenn í FG eða SÍ. Hægt er að sækja um námslaun í 3, 6 eða 12 mánuði. Stjórn sjóðsins er heimilt að auglýsa úthlutun til allt að þriggja forgangsverkefna og verja til þeirra allt að ⅓ hluta námsleyfa.

Fjármagn og úthlutanir

Fjármagn í Námsleyfasjóð samanstendur af framlagi sveitarfélaga sem greiða 1,3% af dagvinnulaunum kennara, ráðgjafa og stjórnenda í grunnskólum (félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands). Auk þessa er um tilfallandi fjármagnstekjur að ræða.

Í töflu 6 má sjá tekjur sjóðsins árin 2012 og 2013 og hve mörg námsleyfi voru til úthlutunar. Námsleyfi eru misjafnlega kostnaðarsöm eftir því hvaða stéttarfélagi einstaklingar sem hljóta námsleyfi tilheyra og getur það því haft áhrif á það hversu margir hljóta námsleyfi hverju sinni. Árið 2012 bárust sjóðnum 185 fullgildar umsóknir og 162 árið 2013.

⁴ <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/simenntun-kennara-og-stjornenda/endurmenntunarsjodur-grunnskola/>

⁵ Með „ráðgjafi“ er átt við náms- og starfsráðgjafa og aðra ráðgjafa s.s. sérkennslu- og kennsluráðgjafa sem starfa á skólaskrifstofum/skólum og eru félagsmenn í FG eða SÍ.

Tafla 6. Úthlutun námsleyfa árin 2012 og 2013.

	Tekjur (mkr.)	Fjöldi námsleyfa
2012	216,4	35 (þar af 2 til 6 mánaða)
2013	224,3	32

Samband íslenskra sveitarfélaga sér um umsýslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm manns, einum frá SÍ, tveimur frá FG og þremur frá atvinnurekendum. Á heimasíðu sambandsins má finna nánari upplýsingar um reglur sjóðsins og úthlutanir.⁶

3.3. Framhaldsskólastig

Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Markmið Vísindasjóðs Félags framhaldsskólakennara (FF) og Félags stjórnenda í framhaldsskólum (FS) er að auka tækifæri félagsmanna til framhalds- og endurmenntunar. Vísindasjóður skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Eingöngu er um einstaklingsstyrki að ræða.

Úr A-deild eru veittir styrkir vegna skólagjalda, námskeiðsgjalda, ráðstefnugjalda og ferðakostnaðar vegna endurmenntunar og viðbótarmenntunar innanlands. Einnig vegna kaupa á bókum, handbókum, fagtímaritum, áskriftum að tímaritum og vefritum sem tengjast starfi félagsmanna, rafbókum, rekstrartengdum útgjöldum vegna prentara (pappír, blek) og tölvuhugbúnaðar sem tengist starfi/námi félagsmanna.

Í B-deild er hægt að sækja um styrk til háskólanáms sem ekki telst hluti af réttindanámi. Eingöngu er miðað við viðurkennda skóla. Úr B-deild eru einnig veittir styrkir vegna námskeiða og ráðstefna erlendis, skólaheimsóknar (hópa) erlendis, styrkir vegna námsorlofa og fagsýninga.

Sjóðurinn er sjálfstæður lögaðili. Þrír skipa stjórn sjóðsins, einn frá FS og tveir frá FF. Upplýsingar um sjóðinn má finna á vef Kennarasambands Íslands.⁷

⁶ <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/simenntun-kennara-og-stjornenda/namsleyfasjodur/>

⁷ <http://ff.ki.is/Pages/2750>

Fjármagn og úthlutanir

Tekjur sjóðsins eru kjarasamningsbundið framlag frá launagreiðendum sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum félaga í FF og FS.

Í töflum 7 og 8 má sjá framlög launagreiðenda og skiptingu úthlutana á milli deilda úr sjóðnum fyrir árin 2012 og 2013. Ekki fengust nánari upplýsingar um skiptingu úthlutana. Árið 2012 voru veittir styrkir rétt umfram tekjur af framlögum launagreiðenda eða rúmlega 134 mkr. en árið 2013 voru veittir styrkir undir tekjum af framlögum launagreiðenda eða 128 mkr.

Tafla 7. Úthlutanir úr Vísindasjóði FF og FS, 2012.

Ár	Framlag til sjóðsins (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	Fjöldi úthlutana
2012	133,7	72,5 (A-deild)	
		62,3 (B-deild)	
Heildar úthlutun		134.8	2000

Tafla 8. Úthlutanir úr Vísindasjóði FF og FS, 2013.

Ár	Framlag til sjóðsins (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	Fjöldi úthlutana
2013	138.3	71.1 (A-deild)	
		56.9 (B-deild)	
Heildar úthlutun		128	1.900

Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla

Kennarar, náms- og starfsráðgjafar, aðstoðarskólalastjórnendur og skólameistarar framhaldsskóla sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár í framhaldsskóla geta sótt um sérstakt námsorlof til að efla þekkingu sína og starfshæfni. Veiting námsorlofa fer fram samkvæmt 11. gr. laga um framhaldsskóla, [nr. 92/2008](#), og reglugerð [nr.](#)

[762/2010](#). Umsýsla með námsorlofum er í höndum Rannís en á heimasíðu stofnunarinnar má finna nánari upplýsingar um úthlutunarreglur..⁸

Fjármagn og úthlutanir

Samið er um námsorlof í kjarasamningum FF og FS og fjármunir til þeirra eru samkvæmt fjárlögum hvers árs. Námsorlofsnefnd gerir tillögur til ráðherra um úthlutun námsorlofa og styrkja. Lengd námsorlofs er allt að einu ári og eru orlofsþegar á föstum og reglubundnum mánaðarlaunum (án yfirvinnu). Í töflu 9 má sjá hversu miklum fjármunum var veitt til námsorlofa fyrir árin 2012 og 2013 samkvæmt fjárlögum þessara ára. Árið 2012 var fjöldi námsorlofa í kjarasamningum 35 stöðugildi, og einnig árið 2013. Árið 2012 sóttu 118 einstaklingar um námsorlof en 38 einstaklingar fengu úthlutað, þar af voru veitt sex hálf orlof. Árið 2013 sóttu 110 einstaklingar um orlof en 37 þeirra fengu námsorlof, þar af voru veitt fjögur hálf orlof.

Tafla 9 . Fjármunir til námsorlofa, 2012 og 2013.

Ár	Upphæð (mkr.)	Fjöldi úthlutana á einstakling
2012	201,3	38 (þar af 6 hálf orlof)
2013	215,9	37 (þar af 4 hálf orlof)

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

Hlutverk Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) er að skipuleggja og styrkja starfsbróun framhaldsskólakennara. Árlega ráðstafar nefndin því fé sem mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar. Stjórn nefndarinnar er skipuð fimm manns, einum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, tveimur frá FF, einum frá skólameisturum og einum frá HÍ.

Nefndin úthlutar fé til margvíslegra verkefna sem skipta má í eftirfarandi flokka:

- Fagtengd sumarnámskeið í samstarfi við faggreinafélög.
- Starfstengt nám (sk. vettvangsnám) fyrir hópa ákveðinna kennslugreina.
- Styrkir til einstaklinga til að sækja fagtengd námskeið.

⁸ <http://www.rannis.is/menntun-og-menning/namsorlof-kennara-og-stjornenda-framhaldsskola/>

- Styrkir til framhaldsskóla og faggreinafélaga til að bjóða upp á fagtengd námskeið eða gestafyrirlestra.
- Styrkir til framhaldsskóla til að senda kennara á námskeið utan skólanna.

Þá hefur nefndin styrkt nám til eininga á framhaldsstigi háskóla frá árinu 2007 að undanteknu skólaárinu 2009-2010.

Nefndin hefur boðað formenn eða fulltrúa úr stjórnnum faggreinafélaga á fund að hausti til að undirbúa umsóknir um endurmenntunarnámskeið (sumarnámskeið) sem faggreinafélögin skipuleggja. Þar hafa einnig verið kynnt störf nefndarinnar og fjármál. Einu sinni á ári hefur nefndin einnig boðið fulltrúum faggreinafélaga að sækja stutt námskeið eða fyrirlestur.

Fjármagn og úthlutanir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fjármunum til SEF. Árið 2012 var heildarfjárveiting til SEF 33 mkr. Til úthlutunar voru 40,5 milljónir en rúmlega 9 mkr. fóru í rekstur og kostnað við sjóðinn. Árið 2013 var heildarfjárveiting 36,6 mkr. en rúmlega 21 mkr. fór í kostnað og rekstur fyrir árið 2013 en einnig koma þar inn ógreidd mál frá 2012. Nánari upplýsingar um úthlutun úr sjóðnum má sjá í töflum 10 og 11. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sá um umsýslu sjóðsins árið 2012 en Rannís tók við umsýslunni árið 2013 og eru upplýsingar um SEF á heimasíðu Rannís (rannis.is).

Tafla 10. Tekjur og skipting úthlutunar úr SEF eftir verkefnum, 2012.

	Tekjur (mkr.)	Úthlutun (mkr.)
Inneign frá 2011	16,7	
Framlag ráðuneytisins 2012	33,0	
Sumarnámskeið		15,1
Vettvangsnám		16,0
Nám á M.Ed.stigi		1,3
Ráðstefnustyrkir félagsmanna		0,8
Gestafyrirlesarar (fagfélög og skólar)		3,2
Styrkir til að senda kennara á námskeið		1,3
Einstaklingsstyrkir		2,4
Fyrirlestrarröð í skólum		0,4
Samtals tekjur	49,7	
Samtals til úthlutana		40,5

Tafla 11 . Tekjur og skipting úthlutunar úr SEF eftir verkefnum, 2013.

	Tekjur (mkr.)	Úthlutun (mkr.)
Framlag ráðuneytisins 2013	36,6	
Sumarnámskeið		11,8
Ferðakostnaður sumarnámskeiða		0,8
Ráðstefnur og gestafyrirlesarar		1,6
Samtals til úthlutunar		14,2
Kostnaður, umsýsla, ógreidd mál frá 2012		21,6

Starfsmenntunarsjóður embættismanna

Aðild að sjóðnum eiga embættismenn sem heyra undir úrskurð Kjararáðs, (aðrir en prestar) og þeir starfsmenn ríkisins sem standa utan stéttarféлага. Í þessum hópi eru sumir skólameistarar. Sjóðurinn starfar á grundvelli reglna Kjararáðs um starfskjör frá 30. maí 2007. Markmið sjóðsins er að auka tækifæri þeirra sem aðild eiga að honum til framhalds- og endurmenntunar og tölvukaupa.

Hægt er að sækja um styrki til að greiða niður kostnað við nám, námskeið, námsstefnur eða sambærilega þekkingaröflun, sem tengja má starfi og flokka má undir starfs- eða endurmenntun. Einnig er hægt að sækja um styrki til að greiða niður kostnað vegna náms í hinu almenna skólakerfi, t.d. öldungadeildum og vegna tölvunámskeiða, þó svo að umsækjandi vinni ekki að staðaldri við tölvur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur umsjón með sjóðnum en í stjórn hans sitja tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra en annar þeirra gegnir jafnframt formennsku. Nánari upplýsingar um reglur sjóðsins má finna á vef ráðuneytisins.⁹

Fjármagn og úthlutanir

Til sjóðsins rennur fjárhæð sem nemur 0,22% af mánaðarlaunum þeirra sem eiga aðild að honum. Sjóðstjórn setur sér ákveðnar reglur um hámarksfjárhæðir við úthlutun. Einnig þurfa að líða tvö ár á milli hámarksstyrkja úr sjóðnum en þrjú ár þurfa að líða á milli styrkja til tölvukaupa.

Árið 2012 fékk einn skólameistari framhaldsskóla styrk úr sjóðnum til að sækja námskeið en einnig fékk Skólameistarafélag Íslands úthlutað úr sjóðnum til að skipuleggja námskeið fyrir skólameistara, alls 20 aðila. Árið 2013 fengu þrír

⁹ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/afgreidsla/eydublod/>

skólameistarar styrk til að sækja námskeið. Í töflu 12 má sjá nánari upplýsingar um úthlutanir þessara tveggja ára.

Tafla 12 . Úthlutun styrkja til skólameistara úr Starfsmenntunarsjóði embættismanna, árin 2012 og 2013.

Ár	Upphæð (mkr.)	Fjöldi úthlutana
2012	0,08	1 skólam.
	1,3	20 einstakl.
Samtals	1,38	
2013	0,28	3 skólam.
Samtals	0,28	

3.4. Tónlistarskólar

Starfsmenntunarsjóður tónlistarskólakennara

Aðild að Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara eiga félagsmenn í Félagi tónlistarskólakennara og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, sem taka laun eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við þessi félög og sem greitt er fyrir í sjóðinn. Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Auk þess að efla námsefnisgerð fyrir tónlistarskóla.

Sjóðurinn skiptist í fjórar deildir:

- A-deild; hægt að sækja um námslaun í allt að 12 mánuði.
- B-deild; hægt að sækja um styrki vegna námskeiða.
- C-deild; hægt að sækja um styrki til námsefnisgerðar, rannsókna- og þróunarverkefna.
- D-deild; hægt að sækja um styrki til hópferða tónlistarkennara.

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins. Fjórir skipa stjórn sjóðsins, einn frá FT, einn frá FÍH og tveir frá atvinnurekendum. Nánar má sjá um reglur sjóðsins á heimasíðu KÍ.¹⁰

¹⁰ <http://ft.ki.is/?PageID=299>

Fjármagn og úthlutanir

Tekjur sjóðsins eru framlög frá launagreiðendum sem nema 1,72% af föstum dagvinnulaunum tónlistarkennara skv. kjarasamningi Félags tónlistarskólakennara, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í töflum 13 og 14 má sjá heildartekjur sjóðsins árin 2012 og 2013, hversu miklu fé var úthlutað og hvernig því var úthlutað eftir deildum. Árið 2012 sóttu 22 um námslaun en fimm hlutu úthlutun, allt kennarar. Í C-deild sóttu 14 um styrk en níu fengu úthlutað. Árið 2013 sóttu 22 um námslaun en tveir fengu úthlutað (báðir skólastjórar). Varðandi B- og D - deild þá er úthlutunum háttáð þannig að yfirleitt fá allir styrk sem sækja um nema að viðkomandi hafi fullnýtt rétt sinn.

Tafla 13. Skipting úthlutana úr Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara árið 2012.

Heiti styrks	Fjöldi úthlutana	Upphæð (mkr.)
Námslaun (A-deild)	5 fengu styrk í 4-12 mánuði	16,2
Námskeið (B-deild)	165	18,8
Námsefnisgerð eða rannsóknar- og þróunarverkefni (til hópa eða einstaklinga) (C-deild)	9	2,4
Hóp-/kynnisferðir (D-deild)	91	9,3
Samtals	270	46,7
Tekjur sjóðsins 2012		47,3

Tafla 14 . Skipting úthlutana úr Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara árið 2013.

Heiti styrks	Fjöldi úthlutana	Upphæð (mkr.)
Námslaun	2	13,1
Námskeið	176	20,5
Námsefnisgerð eða rannsóknar- og þróunarverkefni (til hópa eða einstaklinga)	10	4,5
Hóp-/kynnisferðir	25	2,6
Samtals	213	40,7
Tekjur sjóðsins 2013		50,4

3.5. *Sjóðir þvert á skólastig*

Sprotasjóður

Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Markmið hans er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við reglugerð [nr.](#)

[242/2009](#). Sprotasjóður er frábrugðinn öðrum sjóðum í þessari greiningu þar sem það er ekki beinlínis hlutverk hans að styðja við starfsþróun kennara. Hlutverk hans er fyrst og fremst að styðja við þróun í skólastarfi en þróun á starfi kennarans er oftast en ekki hluti af því og því er eðlilegt að Sprotasjóður sé tekinn með í þessa greiningu. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sér um umsýslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm manns, tveimur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, einum frá KÍ, einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum frá samstarfsnefnd háskólastigsins. Nánari upplýsingar um Sprotasjóð má finna á heimasíðu sjóðsins.¹¹

Fjármagn og úthlutanir

Árlega eru sett fram tiltekin áherslusvið við styrkveitingu. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru af fjárlögum hverju sinni. Árið 2012 bárust alls um 190 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna um 401 mkr. Veittir voru styrkir til 46 verkefna að upphæð 43,0 mkr. Árið 2013 bárust alls um 115 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna um 227 mkr. Veittir voru styrkir til 40 verkefna að upphæð rúmlega 45 mkr. Í töflu 15 má sjá hvernig fjárhæðirnar skiptust milli skólastiga eftir árum.

Tafla 15 . Úthlutanir úr Sprotasjóði, greindar eftir ári og skólastigum.

Skólastig	2012		2013	
	Fjöldi	Upphæð (mkr.)	Fjöldi	Upphæð (mkr.)
Leikskólar	10	7,4	7	9,9
Grunnskólar	20	17,7	16	16,1
Framhaldsskólar	9	9,6	14	15,2
Þvert á skólastig	7	8,3	3	3,9
Samtals	46	43,0	40	45,1

3.6. Erlendir sjóðir

Til ársins 2014 gátu kennarar sótt um styrki til starfþróunar í gegnum Menntaáætlun ESB. Hægt var að sækja um styrki til starfsþróunar í gegnum eftirfarandi leiðir:

¹¹ <http://www.sprotasjodur.is/>

Námsheimsóknir, Comenius og Leonardo. Með nýrri menntaáætlun; Erasmus + sem gildir tímabilið 2014–2020 geta aðeins skólar sótt um styrki til að gera heildstæða starfsbróunaráætlun fyrir sitt starfsfólk. Að auki fá skólarnir 350 evrur í skipulagsstyrk fyrir hvern einstakling sem fer erlendis vegna verkefnisins. Þar sem þessi greining miðast við árin 2012 og 2013 verður gerð grein fyrir því hvernig styrkjafyrirkomulaginu var háttað áður en ný menntaáætlun ESB tók gildi. Rannís sér um umsýslu þessara sjóða en nánari upplýsingar um þá má finna á heimasíðu Rannís.¹²

Námsheimsóknir

Veittir voru styrkir til námsheimsókna (study visits) en þær voru hugsaðar fyrir stjórnendur og sérfræðinga á sviði menntunar og almennrar starfsþjálfunar. Veittir voru styrkir sem taldir voru nægja fyrir ferðakostnaði og upphaldi í þriggja til fimm daga námsheimsóknir til 31 Evrópuríkis þar sem menntun er kynnt út frá fyrirfram ákveðnum sjónarhóli.

Árið 2012 fengu 6–8 aðilar styrk úr sjóðnum en árið 2013 voru veittir 16 styrkir (við styrkveitingu var leitast við að hafa sanngjarna dreifingu yfir landið). Hámarksstyrkur á mann var 1.500 evrur (u.þ.b. 237 þús. kr.). Hafa skal í huga að fleiri en kennarar gátu fengið úthlutað.

Comenius - fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla

Í gegnum Comenius voru m.a. styrkt evrópsk samstarfsverkefni skóla, nemendaskipti, endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaranema og námsefnisgerð. Til að gera aðeins betur grein fyrir umfangi þessa sjóðs hér á landi og hvað verið var að styrkja þá kemur fram á vef Rannís að frá árinu 2007 hafa:

- 2.400 kennarar fengið styrki til að sækja námskeið og fundi í Evrópu.
- 170 skólar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi tekið þátt í skólaverkefnum.
- 4.000 nemendur og 100 kennarar verið ár hvert þátttakendur í evrópsku skólasamstarfi.

Í töflu 16 má sjá hversu margir einstaklingar hlutu styrk árin 2012 og 2013 og hve miklu fjármagni var úthlutað til starfsbróunar kennara hér á landi. Nánari upplýsingar um úthlutanir sjóðsins má finna inn á heimasíðu Rannís.¹³

¹² <http://www.leonardo.is/id/559>

¹³ http://www.leonardo.is/page/com_2012

Tafla 16 . Úthlutun úr Comenius til endurmenntunar íslenskra kennara, 2012 og 2013.

Ár	Fjöldi	Úthlutun (EUR)
2012	71	147.280 (23.266 mkr.)*
2013	66	125.320 (20.308 mkr.)*

*Reiknað út frá opinberu viðmiðunargengi ESB árið 2012 og 2013

Leonardo

Verkefni sem Leonardo áætlunin styður þurfa að falla að einu eða fleirum þessara markmiða:

- Styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun sem miðar að því að auka kunnáttu og færni og efla persónulega hæfni þeirra.
- Efla gæði og styðja við nýsköpun í starfsmenntun innan fræðslu- og menntastofnana og í vinnustaðanámi.
- Auka aðdráttarafli starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal atvinnurekenda og einstaklinga og greiða fyrir hreyfanleika nemenda í starfsþjálfun.

Árið 2012 var úthlutað 77 styrkjum til sí- og endurmenntunar kennara og leiðbeinanda hjá 15 stofnunum að upphæð 126.414 evrur eða um 19,9 mkr. Árið 2013 var úthlutað 76 styrkjum til sí- og endurmenntunar kennara og leiðbeinanda hjá 18 stofnunum að upphæð 124.754 evrur eða um 20,2 mkr. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu Rannís.¹⁴

¹⁴ <http://www.leonardo.is/id/2572>

4. AÐKOMA SVEITARFÉLAGA AÐ STARFSÞRÓUN KENNARA

Sveitarfélög hafa margþættu hlutverki og skyldum að gegna þegar kemur að starfsþróun kennara. Bæði eru það lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur. Í þessum kafla verður stuttlega gerð grein fyrir þessum skyldum og í hverju þær felast. Einnig verður reynt að draga upp mynd af því hversu miklu fjármagni sveitarfélögin verja til starfsþróunar auk lagalegra og kjarasamningsbundinna skyldna.

4.1. Lagalegar skyldur

Í lögum um leik- og grunnskóla eru sérstök ákvæði sem kveða á um hvernig skuli staðið að starfsþróun. Samkvæmt 7. gr. laga um leikskóla nr. [90/2008](#) er kveðið á um að leikskólastjóri skuli hafa frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig haga skuli símenntun starfsfólks svo hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár. Í sömu grein er kveðið á um að starfsmenn leikskóla skuli eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína.

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. [91/2008](#) er að finna sambærilegt ákvæði. Þar kemur auk þess fram að kennarar og stjórnendur grunnskóla skuli eiga kost á námsleyfum sbr. bráðabirgðaákvæði II með sömu lögum sem skyldar sveitarfélög til að greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð (Námsleyfasjóð) sem úr skuli greidd laun þeirra vegna námsleyfa allt að einu ári.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 eru ákvæði þess efnis að sveitarfélög tryggi að sérfræðipjónusta sé veitt í skólunum. Í henni felst m.a. stuðningur við skóla sveitarfélagsins og starfsfólk þeirra. Í reglugerð nr. [584/2010](#) um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum segir að sveitarfélögin skuli kosta þjónustuna og ákveða fyrirkomulag hennar innan skólanna. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir m.a.: „Sérfræðipjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á“. Ákvæði laganna um stuðning við skóla er nánar skilgreint í 9. gr. en þar segir að stuðningurinn felist m.a. í ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda, vegna náms nemenda með sérþarfir og vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis. Samkvæmt þessu er sérfræðipjónusta skóla augljóslega falið að hafa ákveðið starfsþróunarhlutverk með höndum sem sveitarfélögum ber að fjármagna. Í þessu

samhengi skal vísað til úttektar á sérfræðipjónustu sveitarfélaganna en samkvæmt henni hefur misvel tekist til í þessum efnum.¹⁵

4.2. *Kjarasamningsbundnar skyldur*

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna leik- og grunnskóla er m.a. kveðið á um að hverjum skóla sé skylt að gera starfsþróunaráætlun og að hana skuli kynna fyrir starfsfólki. Það sé jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjórnenda að bæta þekkingu sína sem nauðsynleg er í starfi. Einnig er kveðið á um að símenntun starfsmanna skuli vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skólans. Jafnframt kemur fram í kjarasamningum þessara aðila hversu háa upphæð launagreiðanda beri að greiða í ákveðna sjóði en nákvæmari útlistingar á þessu má finna í 3. kafla í þessari skýrslu. Upphæðin er ákveðið hlutfall af dagvinnulaunum viðkomandi aðila. Einnig er að finna sambærilegt ákvæði í kjarasamningi Félags tónlistarskólakennara þó svo að það sé ekki eins ítarlegt.¹⁶

4.3. *Annar stuðningur sveitarfélaga við starfsþróun*

Mörg sveitarfélög koma að starfsþróun með beinum hætti með því að verja fjármagni til starfsþróunar umfram lagaákvæði eða samningsbundnar skyldur. Umfjöllun um stuðning sveitarfélaga við starfsþróun er hins vegar snúin og eru upplýsingar um umfangið óaðgengilegar. Ekki liggur alltaf ljóst fyrir hvað átt er við með fjármagni sveitarfélaga, er t.d. átt við laun starfsmanna, aðstöðu, aðkeypta þjónustu eða afleysingar vegna fjarveru kennara sem fara á námskeið eða sækja sér menntun. Einhver sveitarfélög hafa farið þá leið að vera með eigin starfsþróunarsjóð sem starfsfólk eða skólar sveitarfélagsins geta sótt í. Til að varpa skýrara ljósi á þetta var ákveðið að hafa samband við nokkur sveitarfélög víðsvegar á landinu og afla upplýsinga frá þeim um þessi mál.

Við greininguna var ákveðið að skipta sveitarfélögum upp í fjóra stærðarflokka:

1. Sveitarfélög með 5.000 íbúa eða fleiri.
2. Sveitarfélög með 1.000 – 5.000 íbúa.

¹⁵Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu í sex sveitarfélögum, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið desember 2013. Árný Elíasdóttir, Svava B. Sigurjónsdóttir, Sveinborg Hafliðadóttir og Arndís Vilhjálmsdóttir.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=02F26EC7E4C76D0600257CF5002C413F&action=openDocument>

¹⁶http://www.samband.is/media/kjarasamningar-ki/Fekag-tonlistarkennara-og-FIH_og-SNS_Lokaeintak-2011.pdf

3. Sveitarfélög með 500 – 1.000 íbúa.
4. Sveitarfélög með færri en 500 íbúa.

Reynt var að gæta þess að góð landfræðileg dreifing væri á sveitarfélögum í hverjum flokki. Haft var samband við skólastjóra og/eða skólaskrifstofur í 3–4 sveitarfélögum í hverjum stærðarflokki. Þessir aðilar voru beðnir um að veita upplýsingar um hvernig sveitarfélagið styddi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda og hvaða fjármagni væri varið til þeirra mála. Við greiningu á gögnum frá sveitarfélögum verða til einföldunar dregnar saman upplýsingar frá sveitarfélögum í flokki 1 og 2, annars vegar og frá sveitarfélögum í flokki 3 og 4 hins vegar.

Aðkoma sveitarfélaga í stærðarflokki 1 og 2 að starfsþróun

Skólaþjónusta: Sveitarfélögin reka annað hvort sjálf skólaskrifstofur/fræðsluvið eða taka þátt í rekstri skólaskrifstofu sem er leiðandi og/eða í nánú samstarfi við skólastjórnendur um starfsþróun í skólum sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skipuleggja og bjóða upp á námskeið í samvinnu við skólastjórnendur, t.d. á hverju hausti. Þær taka stundum þátt í kostnaði við námskeiðahald.

Námskeið og samstarf: Algengt er að skólarnir standi sjálfir fyrir og kosti námskeiðahald fyrir kennara eða í samstarfi við aðra skóla.

Fjármagn til starfsþróunar: Fjárveitingum þessara fjölmennari sveitarfélaga er í flestum tilfellum hagað þannig að ákveðnu fjármagni er veitt beint inn í skóla og bera skólastjórnendur ábyrgð á að nýta fjármagnið í samræmi við stefnu skólans. Algeng viðmið sem sveitarfélögin hafa við úthlutun á fé til starfsþróunar er að greiða á bilinu 9–15 þús. kr. á hvert stöðugildi. Það kom fram hjá nokkrum aðilum að þessar fjárhæðir hefðu verið nokkuð hærri fyrir hrun, 2008. Ef sveitarfélög gáfu upp heildartölur yfir það fjármagn sem þau veita til starfsþróunar fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla má segja að flest þessara sveitarfélaga séu að veita á bilinu 1–5 mkr. til skólanna í verkefnið. Einhver sveitarfélög eru að verja hærri fjárhæðum til þessara mála.

Í þessu sambandi má einnig nefna að sum þessara sveitarfélaga eru að endurskoða þetta skipulag þannig að fjármagn til starfsþróunar verði sett í miðlægan pott (a.m.k. að hluta til) í umsjá fræðsluviðs/skólaskrifstofu í stað þess að úthluta því beint til skólanna. Hugmyndin á bak við það er að stuðla að því að fjármagnið sé nýtt á heildstæðari hátt í samvinnu við alla skólastjórnendur.

Nýting fjármagns: Hjá stærstu sveitarfélögum virtist vera algengt að nokkur hluti fjármagnsins sé settur í ýmiskonar samstarfsnet þar sem t.d. fleiri sveitarfélög vinna

saman að því að halda námskeið, ráðstefnur eða þing. Einnig virðist algengt að ákveðinn hluti fjármagnsins sé settur beint inn í skólaþjónustu sveitarfélagsins sem sér svo um að skipuleggja námskeið og ráðstefnur í samstarfi við fleiri skóla innan og utan sveitarfélagsins. Einnig voru dæmi um að sveitarfélög styddu sérstaklega við kennara til að þeir geti sótt sér viðbótarnám t.d. með sérstökum námsstyrkjum eða þá að stuðningurinn væri í því formi að starfsmenn fái að halda óskertum launum þrátt fyrir að þeir missi úr vinnu vegna náms.

Aðkoma sveitarfélaga í stærðarflokki 3 og 4 að starfsþróun

Skólaþjónusta: Almennt er ekki rekin sérstök skólaþjónusta í fámennari sveitarfélögum en þó eiga einhver þeirra aðild að skólaskrifstofu sem staðsett er í þeirra landshluta.

Námskeið og samvinna: Skólar í fámennari sveitarfélögum virðast almennt hafa minna samráð sín á milli og óalgengara er að þeir skipuleggi sjálfir námskeið. Oft fer stór hluti fjármagnsins sem þeir hafa til ráðstöfunar í það að greiða fyrir námskeiðsgjöld og ferðakostnað til að sækja námskeið um langan veg. Lítið er um að fengnir séu sérfræðingar inn í skólana en ástæðurnar sem gefnar voru fyrir því voru þær að það væri mjög dýrt að fá slíka þjónustu.

Fjármagn til starfsþróunar: Afar mismunandi virtist vera hversu miklu fjármagni sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa verja til starfsþróunar og erfitt að greina hvaða viðmið eru notuð hjá sumum sveitarfélögum við úthlutun á fjármagni. Dæmi voru um það hjá fámennum sveitarfélögum að grunnskólarnir fengju til ráðstöfunar ákveðið fjármagn til starfsþróunar en ekki leikskólarnir. Í þeim tilfellum leituðu skólastjórnendur leikskólanna til sveitarfélagsins ef þeir vildu senda starfsmenn sína á námskeið og sveitarfélagið studdi þá eins og fjármagn leyfði. Ef sveitarfélögin voru að ráðstafa fé til skólanna vegna starfsþróunar virtist nokkuð algengt að grunnskólarnir væru að fá ráðstafað á bilinu 200-500 þús. kr. Til leikskólanna voru sveitarfélögin að ráðstafa á bilinu 50-300 þús. kr. Dæmi voru um að sveitarfélög væru að verja mun hærra upphæðum til starfsþróunar og virtist það sérstaklega eiga við um grunnskólana.

Nýting fjármagns: Almennt virtist fjármagnið vera nýtt til þess að sækja námskeið sem gjarnan eru haldin utan sveitarfélagsins. Drjúgur hluti fjármagnsins fer þá í ferðakostnað, sérstaklega hjá fámennari sveitarfélögum í dreifðari byggðum. Stundum er keypt sérfræðiþjónusta til sveitarfélagsins eða inn í skóla en það virðist þó ekki algengt hjá fámennustu sveitarfélögum. Við og við virðist hluti

fjármagnsins fara í að kosta stór þróunarverkefni í skólunum eða greiða hluta af slíkum kostnaði ef ekki hefur fengist nægilegt fjármagn úr sjóðum. Stuðningur sumra þessara sveitarfélaga, sérstaklega þeirra fámennari felst eingöngu í því að styðja við kennara og skólastjórnendur svo þeir geti stundað nám samhliða starfi. Stundum veita sveitarfélög sérstaka námsstyrki eða greiða full laun þó að kennarar séu fjarverandi í nokkra daga. Þá felst stuðningurinn ósjaldan eingöngu í því að hliðra til í starfi svo að kennarar geti sótt sér nám.

5. AÐKOMA RÍKISINS AÐ STARFSÞRÓUN KENNARA

Ríkið hefur ýmsum lagalegum og kjarasamningsbundnum hlutverkum og skyldum að gegna þegar kemur að starfsþróun kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum. Í þessum kafla verður stuttlega gerð grein fyrir þessum skyldum og í hverju þær felast. Einnig verður reynt að draga upp mynd af því hvort framhaldsskólar styðji við starfsþróun kennara fram yfir lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur ríkisins.

5.1. *Lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur*

Samkvæmt 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð nr. 762/2010 geta kennarar, náms- og starfsráðgjafar, aðstoðarskólastjórnendur og skólameistarar sótt um námsorlof eftir a.m.k. fimm ára starf í framhaldsskóla til að efla þekkingu sína og hæfni. Einnig er hægt að sækja um styrki til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við námsorlofið. Samið er um námsorlof í kjarasamningum Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum við ríkið og fjármunir til þeirra eru samkvæmt fjárlögum hvers árs. Í kjarasamningum FF og FS við ríkið eru einnig ákvæði um að starfsmaður eigi kost á reglubundinni þjálfun, námskeiðum eða annars konar menntun til að viðhalda menntun sinni. Á grundvelli þessa veitir mennta- og menningarmálaráðuneytið árlega fé til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) til að skipuleggja og bjóða símenntunarnámskeið fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og aðstoðarskólastjórnendur í framhaldsskólum. Í 3. kafla er gerð grein fyrir hlutverki og starfsemi SEF.

5.2. *Stuðningur framhaldsskóla fram yfir skyldur ríkisins*

Eitthvað er um að framhaldsskólar styðji við starfsþróun fram yfir skyldur ríkisins til dæmis með því að veita styrki til að sækja símenntun og hliðra til í starfi svo að viðkomandi komist auðveldar frá vegna starfsþróunar.

6. AÐKOMA HÁSKÓLASTOFNANA AÐ STARFSÞRÓUN KENNARA

Háskólar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í starfsþróun kennara, skólastjórnenda, og ráðgjafa. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Listaháskóli Íslands bjóða upp á heildstætt kennaranám og stök námskeið og þar eru stundaðar rannsóknir og ný þekking verður til. Þeirri þekkingu er miðlað áfram á ráðstefnum, málstofum og með útgáfu af ýmsu tagi. Framboð framhaldsnáms í skólunum hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum og æ stærri hópur kennara á öllum skólastigum hefur lokið diplóma- eða meistaraþrófi frá háskólum. Að auki hefur færst í vöxt að starfandi kennarar sækja einstök námskeið í skólunum til að auka þekkingu sína.

Háskólarnir bjóða kennurum, skólastjórnendum og ráðgjöfum upp á fræðslu, ráðgjöf, námskeið, þróunarstarf, ráðstefnur og málstofur sem kostað er af þátttökugjöldum. Um aðkomu annarra íslenskra háskóla að starfsþróun kennara er greint í lok þessa kafla. Þess skal getið að ríkisreknu háskólarnir hafa gert með sér samning sem gerir m.a. nemendum kleift að velja námskeið annarra ríkisrekinna háskóla en þeir eru skráðir í sem hluta af námi sínu.

6.1. *Menntavísindasvið Háskóla Íslands*

Auk menntunar á Menntavísindasviði (MVS), þá geta kennarar sótt sér formlega menntun í öllum deildum HÍ til að styrkja sig faglega, en þá er nánast alfarið um að ræða námskeið í formlegu námi skólans. Kennarar og skólastjórnendur hafa t.d. sótt nokkuð nám í opinberri stjórnáslu og MBA nám á vegum deilda Félagsvísindasviðs. Einnig er Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ) með framboð af námskeiðum sem henta þeim sem vilja bæta starfshæfni sína. Sum þeirra námskeiða eru sérsniðin fyrir kennara, t.d. námskeið á vegum SEF (Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara) en önnur eru ætluð breiðum hópum, þ.á. m. fagfólki skóla. EHÍ hefur gert samning við Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla og sinnir starfsþróun þeirra.

Innan Menntavísindasviðs HÍ eru starfsþróunarmál formlega staðsett hjá Menntavísindastofnun en starf hennar felst m.a. í því að bjóða starfandi kennurum og skólastjórnendum að sækja hefðbundin einingabær námskeið, sem eru að einhverju leyti sniðin að þeirra aðstæðum.

Dæmi um verkefni sem Menntavísindasvið hefur innan sinna vébanda og tengjast starfsþróun:

- Starfsþróun Menntavísindastofnunar, býður upp á námskeið, ræður aðila til að veita ráðgjöf við þróunarstarf og er í samstarfi við skóla og skólaskrifstofur um þá fræðslu sem veitt er. Haustið 2014 voru í boði 40 námskeið af þessu tagi. Til þessara verka eru fengnir sérfræðingar af Menntavísindasviði en einnig aðrir, til að vinna með skólum og skólaskrifstofum að fjölbreyttum þróunarverkefnum og veita ráðgjöf og fræðslu af ýmsu tagi.
- Menntamiðja er samráðsvettvangur sem er ætlað að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélagsins með því að skapa vettvang til samstarfs um eflingu starfssamfélaga skólafólks. Menntamiðja er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, Háskólans á Akureyri, Kennarasambands Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðal starfsþróunarverkefna sem Menntamiðja hefur komið að, eru menntabúðir þar sem skólafólk kemur saman til að deila þekkingu í óformlegu umhverfi, sem í sumum tilvikum eru einingabær, reglulegar umræður á Twitter, og vinnustofur í einstökum sveitarfélögum og skólum. Verkefnin eru flest tengd torgum Menntamiðju.
- Fjöldi rannsóknarstofa starfa innan Menntavísindasviðs með sérfræðingum sem taka að sér þjónustu vegna starfsþróunar kennara og skólastjórnenda, t.d. með ýmiskonar fræðslu og málþingum. Sem dæmi um verkefni eru starfendarannsóknir sem hafa verið skipulagðar með leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum. Einnig má nefna stórar rannsóknir á skólastarfi sem geta skipt máli fyrir starfsþróun kennara, t.d. starfsháttarannsókn á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs.
- Ákveðin einingabær námskeið eru í boði á Menntavísindasviði og geta starfandi kennarar og skólastjórnendur sótt þau án þess að vera skráðir í HÍ. Styttri námsleiðir hafa einnig verið ræddar eða skipulagðar og má þar nefna diplómanám í starfstengdri leiðsögn sem er samstarfsverkefni HA og HÍ. Námið er ætlað kennurum sem hyggjast taka að sér leiðsögn kennaranema eða nýliða í skólum. MVS hefur styrkt kennara með námskeiðsgjöldum sem eru með kennaranema í vettvangsnámi til að sækja ákveðin námskeið á sviðinu.
- Gestakennarar úr röðum starfsfólks á vettvangi hafa verið ráðnir við sviðið til að móta samstarf og efla tengsl sviðsins við vettvang. Dæmi um verkefni sem þeir koma að er vettvangsnám nema í skólastjórnun.

- Menntakvika er árleg ráðstefna Menntavísindasviðs sem m.a. er ætlað að miðla því nýjasta sem gerist á sviði rannsókna m.a. til kennara. Þar er á hverju ári boðið upp á tæplega 200 erindi í fjölda málstofa um málefni sem öll tengjast fagsviðum MVS.
- Menntavísindasvið gefur út tvö tímarit til að tryggja íslenska umræðu um uppeldis- og menntamál. Tímaritið *Uppeldi og menntun* birtir ritrýndar greinar og einnig dálk um viðhorf; tímaritið er gefið út í samstarfi við HA. Einnig er gefið út rafræna tímaritið *Netla* og þar eru birtar fjölmargar fræðigreinar um menntavísindi, ekki síst skólastarf, sumar ritrýndar en aðrar ritstýrðar.
- Starfsfólk Menntavísindasviðs tekur þátt í fjölmörgum rannsóknarverknum sem tengjast kennslu- og skólamállum, umfram það sem hér er nefnt. Þátttaka kennara á MVS í fjölþættri starfsþróun hefur ekki verið tekin saman en er talsverð.

6.2. *Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri*

Markmið miðstöðvar skólaþróunar HA er m.a. að stuðla að starfsþróun og umbreytingu í almennu skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla. Jafnframt að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf. Starfsemi miðstöðvar skólaþróunar beinist að því að styrkja kennara, stjórnendur og annað fagfólk í formi ráðgjafar, verkefnisstjórnar, fræðslu eða annars sem talið er henta í hverju tilfalli við umbóta- og þróunarstarf í skólum.

Meðal verkefna sem miðstöðin leggur áherslu á og snerta starfsþróun kennara með einum eða öðrum hætti eru:

- Skólaþróun í víðum skilningi.
- Þróa verkefni og áherslur í læsiskennslu fyrir leikskóla og öll stig grunnskóla.
- Þróa leiðir í stærðfræði fyrir grunnskóla.
- Ráðgjöf við skólastjóra og kennara um stjórnun og forystu.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir og námsmat á elsta stigi grunnskóla og í framhaldsskóla.
- Innleiða grunnþætti aðalnámskrár 2011.
- Stuttar heimsóknir í skóla til skólaþróunar þar sem óskað hefur verið eftir kynningu á ákveðnum viðfangsefnum.
- Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri hafa gert með sér rammisamning um að HA veiti sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar á grundvelli

laga um leik- og grunnskóla nr. 90/2008 og 91/2008. Miðstöð skólaþróunar annast samninginn fyrir hönd HA. Skólar bæjarins geta leitað beint til miðstöðvarinnar um hvers konar ráðgjöf og fræðslu.

6.3. *Listaháskóli Íslands*

Innan Listaháskólans er ekki starfrækt sérstakt svið símenntunar- og starfsþróunar en á hverju ári býður skólinn upp á ýmis námskeið eða fyrirlestra fyrir kennara í list- og verkgreinum. Hér eru nokkur dæmi um verkefni sem skólinn hefur boðið upp á og tengjast starfsþróun kennara í list- og verkgreinum:

- Opnar málstofur og fyrirlestrar fyrir list- og verkgreinakennara á grunn- og framhaldsskólastigi og hafa þessir viðburðir verið vel sóttir af starfandi kennurum.
- Sérniðin námskeið fyrir starfandi kennara unnin í tengslum við aðalnámskrá.
- Norræn málþing (Krea Nord) um frumkvöðlastarf og frumkvöðlamente í listkennslu.
- Þróunarverkefni um listir og sjálfbærni í Árborg og fyrir liggja fleiri sambærileg verkefni í öðrum sveitarfélögum.
- Opni Listaháskólinn. Þar geta kennarar sótt námskeið með eða án eininga en þar hafa þeir tækifæri til að bæta við sig meistaragráðu. Hægt hefur verið að sækja fjölbreytt námskeið á eftirfarandi sviðum: Tónlist, sjónlist, leiklist, aðferðafræði rannsókna og ýmis önnur námskeið t.d. skapandi skrif, rödd og spuni.
- Rannsóknarstofa í listkennslufræðum sem starfar undir hatti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, er vettvangur samræðna listgreinakennara, listamanna og allra sem sinna rannsóknum á sviði listnáms, kennslu- og listmiðlunar og tekur til allra listgreina.

6.4. *Hólaskóli - Háskólinn á Hólum*

Við Háskólann á Hólum eru starfræktar þrjár deildir: Ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hestafræðideild. Eins og er, er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar sækji námskeið sem kennd eru við skólann, á forsendum símenntunar og starfsþróunar. Það er þó ljóst að mörg af þeim námskeiðum sem kennd eru við skólann, gætu nýst kennurum í slíkum tilgangi. Til dæmis má nefna námskeið í ferðamáladeild, tengd náttúrutúlkun og/eða menningu. Undantekning er þegar um

er að ræða gestanema frá öðrum opinberum háskólum, sem sækja stök námskeið í Háskólann á Hólum sem hluta af sínu heildstæða námi við einhvern hinna opinberu háskóla. Námið í ferðamálaeild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild er í boði í fjarnámi. Þar sem kennarar við leik-, grunn- og framhaldsskóla eru með háskólamenntun að baki, er vel hægt að hugsa sér að þeir geti farið þessa leið, og jafnvel raðað saman námskeiðum til að mynda heildstætt einstaklingsmiðað nám. Nokkur dæmi eru um að starfandi kennarar eru eða hafa verið í námi við ferðamálaeildina og eflaust má að einhverju marki líta á það sem starfsþróun.

Hestafræðideild Háskólans á Hólum býður upp á nám til BS-gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu, og brautskráðir reiðkennarar kenna m.a. við grunn- og framhaldsskóla. Fram að þessu hefur þó ekki verið gert ráð fyrir starfsþróun starfandi reiðkennara á vegum skólans.

6.5. *Landbúnaðarháskóli Íslands*

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er boðið upp á háskólanám á sviði búvísinda, náttúru- og umhverfisfræða, landgræðslu- og skógfræða og umhverfisskipulags. Ýmis námskeið innan þessara sviða ættu að höfða til kennara, einkum náttúrufræðikennara á öllum skólastigum. Boðið er uppá fjarnámslausrir en nemendur mæta líka á staðinn í ákveðnum verkefnum. Starfandi kennurum er velkomið að taka einstaka námskeið í fjarnámi og til skoðunar er að bjóða uppá tiltekna „námspakka“ fyrir kennara á mismunandi skólastigum.

Við Landbúnaðarháskólann er einnig starfandi Endurmenntunar- og starfsmenntadeild þar sem boðin eru fjölbreytt og hagnýtari námskeið á framhaldsskólastigi. Fjöldmörg námskeið á þessum námsbrautum eru áhugaverð fyrir kennara t.d. þá sem skipuleggja útinám á yngri aldurstigum.

6.6. *Háskólinn á Bifröst*

Háskólanám við Háskólann á Bifröst er á viðskipta-, lögfræði- og félagsvísindasviði. *Símenntun Háskólans á Bifröst* býður hagnýta fræðslu og þjálfun, en auk þess er boðið upp á *Opið nám* þar sem hægt er að velja einstök námskeið innan skólans. Símenntun Háskólans á Bifröst býður jafnframt upp á sérsniðið nám fyrir fyrirtæki og stofnanir og slík námskeið hafa verið haldin fyrir kennara og skólastjórnendur. Dæmi um slíkt er breytingastjórnun í tengslum við aðalnámskrá.

Allt nám *Símenntunar* og nám á meistarastigi er kennt í fjarnámi og hentar því vel fyrir fólk á vinnumarkaði. Ýmis námskeið á Bifröst ættu að höfða til kennara og skólastjórnenda og má þar nefna námskeið um skapandi skólastjórnun, menningarfræði og fleira.

6.7. *Háskólinn í Reykjavík*

Háskólinn í Reykjavík býður upp á fjölbreytt nám á sviðum laga, viðskipta, tölvunarfræði og tækni- og verkfræði sem ætti að gagnast kennurum í starfi. Þá býður HR upp á námslínu til BSc-prófs í íþróttufræði og M.Ed. í heilsuþjálfun og kennslu sem tryggir þeim sem hana taka kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi.

Í gegnum *Opna háskólann* kemur svo HR til móts við þarfir kennara og skólastjórnenda varðandi símenntun. Skólastjórnendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og í tónlistarskólum hafa t.d. sótt nám sem kallast starfsþróun skólastjórnenda undanfarna tvo vetur. Jafnframt hefur *Opni háskólinn* verið í samstarfi við Skema hvað varðar sumarnámskeið í forritun á framhaldsskólastigi.

7. SAMANTEKT OG GREINING

Þegar teknir eru saman allir sjóðirnir sem styðja við starfsþróun í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum má áætla að úthlutað hafi verið um 1,3 milljörðum kr. til ýmis konar starfsþróunar árið 2012. Árið 2013 var fjárhæðin lægri eða um 1,1 milljarður kr. en þessi munur á milli ára skýrist að mestu leyti af því að talsvert minna fjármagni var úthlutað úr Vonarsjóði grunnskólans. Stærsti hluti fjármagnsins sem úthlutað er úr sjóðum skólastiganna til starfsþróunar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum kemur úr Vísindasjóði fyrir leikskólastigið og úr Vonarsjóði fyrir grunnskólastigið. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er mestu fjármagni sem veitt er til námsorlofa veitt til námsleyfa í grunnskólum. Kennarar og skólar sækja einnig um starfsþróunarstyrki í erlenda sjóði á vegum Menntaáætlunar ESB og í Sprotasjóð. Sveitarfélögin styðja við starfsþróun í sínum skólum með fjárframlögum en sérfræðipjónusta sveitarfélaga hefur einnig það hlutverk að ákveðnu marki. Mörg sveitarfélög greiða fastar greiðslur til skóla en önnur sveitarfélög, einkum þau minni, koma t.d. að ef verkefnastyrkir sem aflað hefur verið eftir öðrum leiðum duga ekki fyrir kostnaði. Auk þess styður ríkið við starfsþróun í framhaldsskólum með fjárframlögum samkvæmt lagalegum og kjarasamningsbundnum skyldum og einnig er eitthvað um að framhaldsskólar styðji við starfsþróun starfsfólks.

Ef teknar eru saman þær heildarupphæðir sem fóru til starfsþróunar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum árin 2012 og 2013 þá má sjá í töflu 17 að árið 2012 var varið 183 mkr. til starfsþróunar í leikskólum en um 20 mkr. minna árið 2013 eða um 163 mkr. Tæplega 90 mkr. eða um 50% af tekjum Vísindasjóðs er úthlutað til einstaklinga sem sækja um styrki til að sækja námskeið og ráðstefnur. Næst stærsti hluti fjármagns sjóðsins fer í að styrkja kynnisferðir innan og utan Evrópu eða um 63 mkr. árið 2012 og 39 mkr. árið 2013 (sjá nánari upplýsingar í töflum 1, 2, 7, 8 og 15). Fjármunir Sprotasjóðs fara fyrst og fremst í að styrkja þróunarverkefni í skólum en hluti af fjárhæðum sem veittur er fer í ýmiskonar námskeið sem kennarar þurfa að sækja í tengslum við það þróunarstarf. Ef þessum heildarupphæðum sem úthlutað er til leikskólastigsins er deilt á fjölda stöðugilda FL og FSL í leikskólum árið 2012 og 2013 (sjá töflu í viðauka 1) þá var þetta að meðaltali um 76 þúsund kr. á stöðugildi árið 2012 og um 68 þúsund kr. 2013.

Tafla 17. Fjármunir til starfsþróunar í leikskólum.

	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn
Vísindasjóður	175,6	153,7	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfélögum (1.72 % af grunnlaunum)
Sprotasjóður/ leikskólar	7,4	9,9	Fjárlög
Samtals	183,0	163,6	

Ef tekið er saman það fjármagn sem úthlutað er úr starfsþróunarsjóðum kennara, ráðgjafa og skólastjóra í grunnskólum sjá töflu 18, þá nam það um 657 mkr. árið 2012 en um 488 mkr. árið 2013. Stærstum hluta þessa fjármagns var veitt úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði (Vonarsjóði) þar af mest til einstaklingsstyrkja þ.e. styrkir sem kennarar, skólastjórnendur eða ráðgjafar nota til að greiða fyrir námskeið, ráðstefnur eða innritunar- og skólagjöld (sjá nánari upplýsingar í töflum 3, 4, 5, 6 og 15). Ef þessu heildarfjármagni sem úthlutað var til starfsþróunar á grunnskólastigi er deilt niður á stöðugildi í grunnskólum 2012 og 2013, þá var þetta um 133 þúsund kr. á hvert stöðugildi árið 2012 en um 100 þúsund kr. árið 2013 (sjá töflu í viðauka 1).

Tafla 18 . Fjármunir til starfsþróunar í grunnskólum árin 2012 og 2013.

	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn
Verkefna- og námsstyrkjasjóður	389,2	212,5	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfél. (1.72 % af grunnlaunum)
Námsleyfissjóður	216,4	224,3	Sveitarfélög 1,3% af dagvinnu
Endurmenntunarsjóður grunnskóla	34,0	35,7	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sprotasjóður/grunnskólar	17,7	16,1	Fjárlög
Samtals	657,4	488,6	

Heildarfjármagn úr sjóðum sem fór til starfsþróunar í framhaldsskólum nam um 386 mkr. árið 2012 og um 373 mkr. árið 2013 (sjá í töflu 19). Ef þessu heildarfjármagni er deilt niður á stöðugildi í framhaldskólunum 2012 og 2013 þá voru þetta um 212 þúsund kr. árið 2012 en um 206 þúsund kr. árið 2013 (sjá töflu í viðauka 1).

Tafla 19 . Fjármunir til starfsþróunar í framhaldskólum, 2012 og 2013.

	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn
Vísindasjóður FF og FS	134,8	128,0	Kjarasamningsbundið framlag frá ríkinu (1,72 % af grunnl.)
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	201,3	215,9	Fjárlög
SEF	40,5	14,2	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sprotasjóður/Framhaldsskólar	9,6	15,2	Fjárlög
Samtals	386,2	373,3	

Úr Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara var úthlutað rúmlega 46 mkr. árið 2012 til starfsþróunar í tónlistarskólum en rúmum 40 mkr. árið 2013. Stærsti hluti fjármagnsins fer í að styrkja tónlistarskólakennara til að sækja námskeið (sjá töflur 13 og 14). Sé þessum upphæðum deilt niður á stöðugildi í tónlistarskólum árið 2012 og 2013 þá voru þetta um 103 þúsund kr. árið 2012 og um 90 þúsund kr. árið 2013.

Ef gerður er samanburður á því fjármagni sem veitt er til mismunandi forms starfsþróunar eftir skólastigum þá kemur í ljós að stærstur hluti þess fjármagns sem veitt er til starfsþróunar í leikskólum er úthlutað til einstaklingsstyrkja (styrkir til að sækja námskeið og ráðstefnur) eða um 55% af þeirri heildarupphæð sem fer til starfsþróunar á leikskólastigi. Um 40% fjármagnsins er úthlutað til skólaheimsókna eða kynnisferða, innanlands sem utan. Um 10% af fjármagninu er úthlutað vegna formlegs einingabærs náms.¹⁷ Um er að ræða svipaða skiptingu milli ára en horft er til ársins 2013 við þennan samanburð.

Á grunnskólastiginu árið 2012 var stærstum hluta fjármagnsins úthlutað til námsleyfa eða um 33% af heildarfjármagninu. Næst stærstum hluta fjármagnsins var úthlutað til endurmenntunar¹⁸ eða um 24% af fjármagninu. Um 22% af fjármagninu var úthlutað til formlegs einingabærs náms og námslauna. Um 15% af fjármagninu fór til náms- og kynnisferða. Um 3% af fjármagninu var úthlutað til þróunarverkefna (þ.e. þróunarstyrkir úr Vonarsjóði og Sprotasjóðsstyrkir).

¹⁷ Þar eru teknar saman þær upphæðir sem er úthlutað til ferðastyrks v/ ECTS eininga innanlands og vegna lokinna ECTS eininga í framhaldsnámi, bæði heima og erlendis.

¹⁸ Hér er átt við fjármagn sem veitt er úr endurmenntunarsjóði, einstaklingsstyrkir og styrkir til aðildar-, svæða og sérfélaga úr Vonarsjóði.

Hlutföllin voru svipuð árið 2013 nema að því leyti að lokað var þá fyrir umsóknir um skólaheimsóknir/kynnisferðir innan og utan Evrópu, þannig að aðeins um 2% af heildarfjármagninu var veitt til skólaheimsókna.

Á framhaldsskólastiginu er erfiðara að greina frá hvernig hlutfallið skiptist milli mismunandi forms starfsbróunar þar sem ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á úthlutun í A- og B-deild Vísindasjóðs. Í A-deild eru námskeiðgjöld styrkt en einnig viðbótarmenntun og kaup á bókum og fleira og í B- deild eru veittir styrkir til háskólanáms en einnig vegna námskeiða, skólaheimsókna og námsorlofa. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir má gera ráð fyrir að mestur hluti heildarfjármagns til starfsbróunar í framhaldsskólum fari til námsorlofa eða um 34% af heildarfjármagninu 2012 og var það sambærileg upphæð árið 2013. Gera má ráð fyrir að heldur meira fjármagni sé veitt til námsorlofa í framhaldsskólum þar sem Vísindasjóður veitir styrki til námsorlofsþega til að standa straum af námskostnaði í námsorlofi.

Fyrir utan þessa sjóði gátu kennarar á öllum skólastigum einnig sótt um styrki í gegnum Menntaáætlun ESB til ársins 2014 en frá og með því ári er skólastjórnendum ætlað að sækja um styrki fyrir heildstæð verkefni í sínum skóla.

Tafla 20 . Fjármagn til starfsbróunar í gengum Erasmus+.

	2012	2013
Leonardo áætlunin	126.414 EUR (um 19,9 mkr.)	124.754 EUR (um 20,2 mkr.)
Comenius	147.280 EUR (um 23,2 mkr.)	125.320 EUR (um 20,3 mkr.)
Námsheimsóknir (Study Visits)	6-8 heimsóknir (um 237 þús. kr. á styrk eða samtals um 1,6 mkr.)	16 heimsóknir (um 237 þús.kr. á styrk eða samtals um 3,8 mkr.)
Samtals	44,7 mkr.	44,3 mkr.

Ef þessar upphæðir eru teknar saman og reiknaðar yfir á íslenskar krónur út frá opinberu viðmiðunargengi ESB árið 2012 og 2013, má gera ráð fyrir að heildarfjárhæð í gegnum Menntaáætlun ESB til starfsbróunar kennara á öllum skólastigum hafi verið á bilinu 40–50 mkr. fyrir hvort ár, 2012 og 2013.

Almennt veita sjóðir styrki til einstaklinga, þ.e. hver og einn kennari verður að sækja sjálfur í sjóðina til að fá styrk en einnig er um hópstyrki að ræða. Þó geta sveitarfélög og grunnskólar t.d. sótt um styrki til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla til að standa straum af kostnaði við símenntun og starfsþróun. Framhaldsskólar geta einnig sótt um styrk til SEF til að standa straum af kostnaði við að fá fyrirlesara til að halda námskeið í skólum. Einhver sveitarfélög láta jafnvel þá styrki duga að mestu og miða endurmenntun í sínu sveitarfélagi við þá styrki. Flest sveitarfélög virðast þó veita talsverðum fjármunum að auki til starfsþróunarmála. Ef reynt er að draga upp heildarmynd af því út frá þeim upplýsingum sem bárust þá má gera ráð fyrir að sveitarfélög séu að verja á bilinu 9.000-13.000 kr. í endurmenntun á hvert stöðugildi í skólunum umfram lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur. Vísbendingar eru um að sum þeirra veiti talsvert meira fjármagni til þessara mála en önnur e.t.v. minna. Það er hins vegar erfitt að greina þetta nákvæmlega því mörg sveitarfélög, sérstaklega þau fámennustu, veita ekki föstum fjárhæðum til þessara mála.

Það er því ljóst að aðkoma sveitarfélaganna að starfsþróun er afar mismunandi og margir þættir sem spila þar inn í eins og stærð, fjárhagur og staðsetning. Hjá fjölmennari sveitarfélögum virðist vera meiri stýring á fjármagni og hvernig því er varið, t.d. í gegnum skólaskrifstofur. Meira samstarf virðist vera milli skóla innan þessara sveitarfélaga og einnig við skóla í nágrannasveitarfélögum heldur en hjá fámennari sveitarfélögunum. Eitthvað er um að hluti af fjármagni fjölmennari sveitarfélaga sé sett í miðlægan pott þar sem því er stýrt af skólaskrifstofu sveitarfélagsins og/eða að hluti þess sé sett inn í samstarfsnet fleiri sveitarfélaga. Almennt virðast skólastjórnendur í þessum sveitarfélögum skipuleggja sín námskeið sjálfir og halda þau í skólunum.

Heilt yfir virðist fjármagn sveitarfélaganna vera nýtt í að halda námskeið fyrir kennara í tengslum við starfsþróunarstefnu skólanna. Hjá fjölmennari sveitarfélögum eru þessi námskeið haldin í skólum og þá oftast en ekki skipulögð af skólastjórnendum í samstarfi við skólalþjónustu eða skólaskrifstofu sveitarfélagsins. Einnig virðist algengt að stærri sveitarfélögin séu með sína eigin sjóði til að styrkja kennara og skólastjórnendur til náms. Hjá fámennari sveitarfélögunum er minna um að námskeið séu haldin í skólunum. Þar virðist oft stór hluti fjármagnsins fara í ferðakostnað við að sækja námskeið um langan veg. Þetta virðist helst eiga við fámennari sveitarfélög í dreifðari byggðum.

Hlutverk háskólastofnana við starfsþróun kennara virðist fyrst og fremst felast í því að bjóða upp á ráðgjöf og þjónustu við kennara og skólastjórnendur t.d. með því að bjóða þeim að innritast í einstök námskeið sem eru í kennaranáminu ásamt því að halda ráðstefnur eða málstofur sem greitt er fyrir af skólunum, sveitarfélögum eða með styrkjum úr starfsþróunarsjóðum.

Ljóst er að sjóðaumhverfi vegna starfsþróunar kennara, skólastjórnenda og ráðgjafa innan skólakerfisins er margslungið og umtalsverðum fjárhæðum er varið til þessara mála í samfélaginu. Utanumhald um þessi mál virðist vera allgott en það er á höndum nokkuð margra aðila. Ætla má að þeir sem hug hafa á að nýta þau tækifæri sem boðið er upp á þurfi að hafa allgóða yfirsýn yfir sjóðina en svo virðist sem heildaryfirlit hafi fram að þessu ekki verið fyrir hendi. Sveitarfélög virðast styðja starfsþróun með mjög mismunandi hætti umfram lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur sínar, miðað við þá athugun sem fór fram í þessu verkefni. Stærð sveitarfélaga, fjárhagslegt bolmagn og landfræðileg lega virðist hafa talsverð áhrif á framkvæmd þessara mála. Miðað við þá athugun sem hér fór fram virðist sem hér sé þáttur sem áhugavert væri að skoða nánar og fá ítarlegri upplýsingar um en unnt var að gera innan ramma þessa verkefnis.

8. HEIMILDIR

Alþingi. (e.d). Lög um framhaldsskóla. Sótt af:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Alþingi. (e.d). Lög um leikskóla. Sótt af: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Alþingi. (e.d). Lög um grunnskóla. Sótt af: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Fjármálaráðuneytið. (e.d). Eyðublöð. Sótt af:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/afgreidsla/eydublod/>

Árný Elíasdóttir, Svava B. Sigurjónsdóttir, Sveinborg Hafliðadóttir og Arndís Vilhjálmsdóttir. (2013). Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Kennarasamband Íslands. (e.d). Endurmenntun. Sótt af: <http://ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/leikskolinn>

Kennarasamband Íslands. (e.d). Endurmenntun. Sótt af:

http://ki.apmedia.is/images/Skrar/sj%C3%B3ir/endurm/VON_reglur_060214.pdf

Kennarasamband Íslands. (e.d). Endurmenntun. Sótt af: <http://ff.ki.is/Pages/2750>

Kennarasamband Íslands. (e.d). Endurmenntun. Sótt af: <http://www.ki.is/styrkir-og-sjodhir/endurmenntunarsjodhir/framhaldsskolinn>

Kennarasamband Íslands. (e.d). Endurmenntun. Sótt af: <http://ft.ki.is/?PageID=299>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d). Lög og reglugerðir. Sótt af:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5691>

Rannís. (e.d). Menntun og menning - Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla. Sótt af: <http://www.rannis.is/menntun-og-menning/namsorlof-kennara-og-stjornenda-framhaldsskola/>

Rannís. (e.d). Námsheimsóknir. Sótt af: <http://www.leonardo.is/id/559>

Rannís. (e.d). Comenius. Sótt af: http://www.leonardo.is/page/com_2012

Rannís. (e.d). Leonardo. Sótt af: <http://www.leonardo.is/id/2572>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d). Kjara- og starfsmannamál. Sótt af:

http://www.samband.is/media/kjarasamningar-ki/Fekag-tonlistarkennara-og-FIH_og-SNS_Lokaeintak-2011.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d). Skólamál. Sótt af:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/simenntun-kennara-og-stjornenda/endurmenntunarsjodur-grunnskola/>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d). Skólamál. Sótt af:

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/simenntun-kennara-og-stjornenda/namsleyfasjodur/>

Sprotasjóður. (e.d). Sótt af: <http://www.sprotasjodur.is/>

Stjórnartíðindi. (e.d). Reglugerð nr. 762/2010 um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla. Sótt af: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Stjórnartíðindi. (e.d). Reglugerð um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sótt af:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=b3a760c5-ae00-44b8-9cde-d28eec0ab0c1>

VIÐAUKI 1: TÖFLUR

KÍ (utan FKE) árin 2012 og 2013	2012 - áætlun*			2013 - áætlun**		
	Fjöldi	Meðal stg.	Stg.	Fjöldi	Meðal stg.	Stg.
FL	2.146	90,0%	1.931	2.179	90,0%	1.961
FSL	476	97,0%	462	464	97,0%	450
Samtals leikskóli	2.622	91,3%	2.393	2.642	91,2%	2.410
FG	4.693	94,0%	4.411	4.622	94,0%	4.345
SÍ	531	99,0%	526	507	99,0%	502
Samtals grunnskóli	5.224	94,5%	4.937	5.129	94,5%	4.846
FF	1.833	94,0%	1.723	1.818	94,0%	1.709
FS	93	99,0%	92	95	99,0%	94
Samtals framhaldsskóli	1.926	94,2%	1.815	1.913	94,2%	1.803
FT	535	83,0%	444	530	83,0%	439
Samtals tónlistarskóli	535	83,0%	444	530	83,0%	439
KÍ samtals	10.307	93,0%	9.589	10.213	93,0%	9.499

* Fjöldatölur úr félagatali KÍ 9. okt. 2012. Meðal stg. áætlað út frá úrtökum úr félagatalinu.

** Fjöldatölur eru meðaltal 8 skráðra mánaða úr félagatalinu. Meðal stg. áætlað óbreytt frá 2012.

Tafla 1.

Tafla 1. Skipting úthlutana úr Vísindasjóði FL og FSL, árið 2012.			Meðal styrkur	Stg.: 2.393 Upphæð á stg.
Heiti styrks	Fjöldi styrkja	Upphæð (mkr.)		
Einstaklingsstyrkur	2.148	89,5	41.667 kr.	37.399 kr.
Ferðastyrkur v. ECTS ein. innanlands	16	0,3	18.750 kr.	125 kr.
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi - Ísland	160	16,5	103.125 kr.	6.895 kr.
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi erlendis	1	0,2	200.000 kr.	84 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	350	35	100.000 kr.	14.625 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	60	1,8	30.000 kr.	752 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	221	28,7	129.864 kr.	11.993 kr.
Þróunarstyrkur - greiðslur	6	0,7	116.667 kr.	293 kr.
Þróunarstyrkur - umsókn	8	2,9	362.500 kr.	1.212 kr.
Samtals	2.970	175,6	59.125 kr.	73.377 kr.
Tekjur sjóðsins árið 2012		157,3		65.730 kr.

Tafla 2.

Tafla 2. Skipting úthlutana úr Vísindasjóði FL og FSL, árið 2013			Meðal styrkur	Stg.: 2.410 Upphæð á stg.
Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)		
Einstaklingsstyrkur	1.764	89,2	50.567 kr.	37.005 kr.
Ferðastyrkur v. ECTS ein. innanlands	33	0,7	21.212 kr.	290 kr.
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi - Ísland	184	18,8	102.174 kr.	7.799 kr.
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi erlendis	1	0,2	200.000 kr.	83 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	226	22,6	100.000 kr.	9.376 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	94	2,4	25.532 kr.	996 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	132	17,1	129.545 kr.	7.094 kr.
Þróunarstyrkur - greiðslur	2	0,7	350.000 kr.	290 kr.
Þróunarstyrkur - umsókn	3	2	666.667 kr.	830 kr.
Samtals	2.439	153,7	63.018 kr.	63.763 kr.
Tekjur sjóðsins árið 2013		165,4		68.617 kr.

Tafla 3.

Tafla 3. Skipting úthlutana úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði árið 2012.			Meðal styrkur	Stg.: 4.937 Upphæð á stg.
Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)		
Einstaklingsstyrkur	2.333	126,6	54.265 kr.	25.643 kr.
Ferðastyrkur vegna ECTS ein. innanlands	108	2,1	19.444 kr.	425 kr.
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi - Ísland	454	42,7	94.053 kr.	8.649 kr.
Loknar ECTS ein. í framhaldsnámi erlendis	12	2,7	225.000 kr.	547 kr.
Námslaun	10	98,7	9.870.000 kr.	19.991 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	452	45,2	100.000 kr.	9.155 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	341	10,2	29.912 kr.	2.066 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	428	55,4	129.439 kr.	11.221 kr.
Styrkir til aðildar-, svæða og sérfélaga	9	1,7	188.889 kr.	344 kr.
Þróunarstyrkur - greiðslur	120	3,9	32.500 kr.	790 kr.
Samtals úthlutað	4.267	389,2	91.212 kr.	78.832 kr.
Tekjur sjóðsins 2012		391,4		79.277 kr.

Tafla 4.

Tafla 4. Skipting úthlutana úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði árið 2013.			Meðal styrkur	Stg.: 4.846 Upphæð á stg.
Heiti styrks	Fjöldi	Upphæð (mkr.)		
Einstaklingsstyrkur	1.712	76,8	44.860 kr.	15.847 kr.
Ferðastyrkur v. ECTS ein innanlands	88	1,8	20.455 kr.	371 kr.
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi - Ísland	407	40,3	99.017 kr.	8.316 kr.
Loknar ECTS ein í framhaldsnámi erlendis	7	1,1	157.143 kr.	227 kr.
Námslaun	10	80	8.000.000 kr.	16.507 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð innan Evrópu	0	0		
Skólaheimsókn/kynnisferð innanlands	314	9,2	29.299 kr.	1.898 kr.
Skólaheimsókn/kynnisferð utan Evrópu	0	0		
Styrkir til aðildar-, svæða og sérfélaga	10	1,6	160.000 kr.	330 kr.
Þróunarstyrkur - greiðslur	32	1,7	53.125 kr.	351 kr.
Samtals úthlutað	2.580	212,5	82.364 kr.	43.847 kr.
Tekjur sjóðsins 2013		405,8		83.733 kr.

Tafla 5.

Tafla 5. Úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla, árin 2012 og 2013.				Meðal úthlutun	Upphæð á stg.
Ár	Framlag til sjóðsins (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	Fjöldi úthlutana		
2012 - stg. 4937	29,9	34	192	177.083 kr.	6.887 kr.
2013 - stg. 4846	29,9	35,7	167	213.772 kr.	7.366 kr.

Tafla 6.

Tafla 6. Úthlutun námsleyfa árin 2012 og 2013.			Meðal úthlutun	Upphæð á stg.
Ár	Tekjur (mkr.)	Fjöldi námsleyfa		
2012 - stg. 4937	216,4	35 (þar af 2 til 6 mánaða) [=34]	6.364.706 kr.	43.831 kr.
2013 - stg. 4846	224,3	32	7.009.375 kr.	46.282 kr.

Töflur 7 og 8.

Töflur 7 og 8. Úthlutanir úr Vísindasjóði FF og FS, 2012 og 2013.			Meðal úthlutun	Upphæð á stg.
Ár	Úthlutun (mkr.)	Fjöldi styrkja		
2012 - stg. 1815	134,8	2000	67.400 kr.	74.266 kr.
2013 - stg. 1803	128,0	1900	67.368 kr.	71.008 kr.

Tafla 9.

Tafla 9. Fjármunir til námsorlofa, 2012 og 2013.		
Ár	Upphæð (mkr.)	Upphæð á stg.
2012 - stg. 1815	201,3	110.904 kr.
2013 - stg. 1803	215,9	119.771 kr.

Tafla 10.

Tafla 10. Tekjur og skipting úthlutunar eftir verkefnum, 2012. [SEF]			Stg.: 1.815 Úthlutun á stg.
	Tekjur (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	
Inneign frá 2011	16,7		
Framlag ráðuneytisins 2012	33		
Sumarnámskeið		15,1	8.319 kr.
Vettvangsnám		16	8.815 kr.
Nám á M.Ed.stigi		1,3	716 kr.
Ráðstefnustyrkir félagsmanna		0,8	441 kr.
Gestafyrirlesarar (fagfélög og skólar)		3,2	1.763 kr.
Styrkir til að senda kennara á námskeið		1,3	716 kr.
Einstaklingsstyrkir		2,4	1.322 kr.
Fyrirlestrarröð í skólum		0,4	220 kr.
Samtals	49,7	40,5	22.313 kr.

Tafla 11.

Tafla 11. Tekjur og skipting úthlutunar eftir verkefnum, 2013. [SEF]			Stg.: 1.803
	Tekjur (mkr.)	Úthlutun (mkr.)	Úthlutun á stg.
Framlag ráðuneytisins 2013	36,6		
Sumarnámskeið		11,8	6.546 kr.
Ferðakostnaðður sumarnámskeiða		0,8	444 kr.
Ráðstefnur og gestafyrirlesarar		1,6	888 kr.
Samtals	36,6	14,2	7.877 kr.
Kostnaður, umsýsla, ógreidd mál frá 2012 samtals:		21,6	11.983 kr.
Úthlutanir og eftirmál frá 2012 samtals:		35,8	19.860 kr.

Tafla 13.

Tafla 13. Skipting úthlutana úr Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara árið 2012.				Stg.: 444
Heiti styrks	Fjöldi úthlutana	Upphæð (mkr.)	Meðal úthlutun	Úthlutun á stg.
Námslaun	5 fengu styrk í 4-12 mánuði	16,2	3.240.000 kr.	36.482 kr.
Námskeið	165	18,8	113.939 kr.	42.338 kr.
Námsefnisgerð eða rannsóknar- og þróunarverkefni (til hópa eða einstaklinga)	9	2,4	266.667 kr.	5.405 kr.
Hóp-/kynniserðir	91	9,3	102.198 kr.	20.944 kr.
Samtals	270	46,7	172.963 kr.	105.168 kr.
Tekjur sjóðsins 2012		47,3		106.520 kr.

Tafla 14.

Tafla 14. Skipting úthlutana úr Starfsmenntunarsjóði tónlistarskólakennara árið 2013.				Stg.: 439
Heiti styrks	Fjöldi úthlutana	Upphæð (mkr.)	Meðal úthlutun	Úthlutun á stg.
Námslaun	2	13,1	6.550.000 kr.	29.808 kr.
Námskeið	176	20,5	116.477 kr.	46.646 kr.
Námsefnisgerð eða rannsóknar- og þróunarverkefni (til hópa eða einstaklinga)	10	4,5	450.000 kr.	10.239 kr.
Hóp-/kynniserðir	25	2,6	104.000 kr.	5.916 kr.
Samtals	213	40,7	191.080 kr.	92.608 kr.
Tekjur sjóðsins 2013		50,4		114.680 kr.

Tafla 15.

Tafla 15. Úthlutanir úr Sprotasjóði, greindar eftir ári og skólastigum.										
Skólastig	2012		2013		Stg.	2012 Meðal úthlutun	Úthlutun á stg.	Stg.	2013 Meðal úthlutun	Úthlutun á stg.
	Fjöldi	Upphæð (mkr.)	Fjöldi	Upphæð (mkr.)						
Leikskólar	10	7,4	7	9,9	2.393	740.000 kr.	3.092 kr.	2.410	1.414.286 kr.	4.107 kr.
Grunnskólar	20	17,7	16	16,1	4.937	885.000 kr.	3.585 kr.	4.846	1.006.250 kr.	3.322 kr.
Framhaldsskólar	9	9,6	14	15,2	1.815	1.066.667 kr.	5.289 kr.	1.803	1.085.714 kr.	8.432 kr.
Þvert á skólastig	7	8,3	3	3,9	9.145	1.185.714 kr.	908 kr.	9.059	1.300.000 kr.	430 kr.
Samtals	46	43	40	45,1	9.145	934.783 kr.	4.702 kr.	9.059	1.127.500 kr.	4.978 kr.

Tafla 16.

Tafla 16. Úthlutun úr Comenius til endurmenntunar íslenskra kennara, 2012 og 2013.							
Ár	Fjöldi	Úthlutun (EUR)	Meðal gengi EUR	Stg.	Meðal úthlutun	Úthlutun á stg.	
2012	71	147.280	160,73	9.145	333.413 kr.	2.588 kr.	
2013	66	125.320	162,38	9.059	308.325 kr.	2.246 kr.	

Tafla 17.

Tafla 17. Fjármunir til starfsþróunar í leikskólum.				2012		2013	
	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn	Stg.	Fjármagn á stg.	Stg.	Fjármagn á stg.
Visindasjóður	175,6	153,7	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarf. (1.72 % af grunnlaunum)	2.393	73.377 kr.	2.410	63.763 kr.
Sprotasjóður	7,4	9,9	Fjárlög	2.393	3.092 kr.	2.410	4.107 kr.
Samtals	183	163,6		2.393	76.469 kr.	2.410	67.870 kr.

Tafla 18.

Tafla 18. Fjármunir til starfsþróunar í grunnskólum árin 2012 og 2013.				2012		2013	
	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn	Stg.	Fjármagn á stg.	Stg.	Fjármagn á stg.
Verkefna- og námsstyrkjasjóður	389,2	212,5	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarf. (1.72 % af grunnlaunum)	4.937	78.832 kr.	4.846	43.847 kr.
Námsleyfissjóður	216,4	224,3	Sveitarfélög 1,3% af dagvinnu	4.937	43.831 kr.	4.846	46.282 kr.
Endurmenntunarsjóður grunnskóla	34	35,7	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.937	6.887 kr.	4.846	7.366 kr.
Sprotasjóður/Grunnskólar	17,7	16,1	Fjárlög	4.937	3.585 kr.	4.846	3.322 kr.
Samtals	657,3	488,6		4.937	133.135 kr.	4.846	100.818 kr.

Tafla 19.

Tafla 19. Fjármunir til starfsþróunar í framhaldskólum, 2012 og 2013*.				2012		2013	
	2012 (mkr.)	2013 (mkr.)	Fjármagn	Stg.	Fjármagn á stg.	Stg.	Fjármagn á stg.
Visindasjóður FF og FS	134,8	128,0	Kjarasamningsbundið framlag frá ríki (1,72 % af grunnl.)	1.815	74.266 kr.	1.803	71.008 kr.
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldskóla	201,3	215,9	Fjárlög	1.815	110.904 kr.	1.803	119.771 kr.
SEF	40,5	14,2	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	1.815	22.313 kr.	1.803	7.877 kr.
Sprotasjóður	9,6	15,2	Fjárlög	1.815	5.289 kr.	1.803	8.432 kr.
Samtals	386,2	373,3		1.815	212.772 kr.	1.803	207.089 kr.

*Fjármunir til starfsþróunar skólameistara eru hér ekki taldir með. Þeir eru ekki félagsmenn KÍ.

Tafla 20.

Tafla 20. Fjármagn til starfsþróunar í gengum Erasmus+.			2012		2013	
	2012	2013	Stg.	Fjármagn á stg.	Stg.	Fjármagn á stg.
Leonardo áætlunin	126.414 EUR (um 19,9 mkr.)	124.754 EUR (um 20,2 mkr.)	9.145	2.154 kr.	9.059	
Comenius	147.280 EUR (um 23,2 mkr.)	125.320 EUR (um 20,3 mkr.)	9.145	2.515 kr.	9.059	2.175 kr.
Námsheimsóknir (Study Visits)	6-8 heimsóknir (um 237 þús. kr. á styrk eða samtals um 1,6 mkr.)	16 heimsóknir (um 237 þús.kr. á styrk eða samtals um 3,8 mkr.)	9.145	175 kr.	9.059	419 kr.
Samtals u.þ.b.:	44,7 mkr.	44,3 mkr	9.145	4.888 kr.	9.059	4.890 kr.

VIÐAUKI 2: NOKKUR DÆMI UM AÐKOMU SVEITARFÉLAGA AÐ STARFSÞRÓUN KENNARA

Flokkur 1: Sveitarfélög með 5.000 íbúa eða fleiri

Sveitarfélag 1a:

- Skólaskrifstofa leiðandi í nánú samstarfi við skólastjórnendur um að byggja upp kerfisbundið lærdómssamfélag í skólum ásamt fagstofunum. Það er gert með því að safna gögnum frá skólunum um það hvernig þeir starfa og út frá því er svo greind þörf starfsmanna á starfsþróun.
- Viðmiðið síðustu ár hefur verið að greiða um 9 þús. kr. á hvert stöðugildi inn í skólana. Nú er sveitarfélagið að breyta fyrirkomulaginu að hluta til með því að setja ákveðna upphæð til starfsþróunar í miðlægan pott fyrir alla leik- og grunnskóla og er þessum fjármunum stýrt af skólaskrifstofu.
- Mikið er lagt upp úr samvinnu milli skólastjórnenda og funda þeir reglulega og skipuleggja námskeið sem haldin eru innan skólanna.
- Sem viðmið þá má nefna að fyrir árið 2013 varði sveitarfélagið rúmlega 2 mkr. til námskeiðahalds, ferðakostnaðar og framlaga vegna námsferða og fór þessi upphæð að mestu til kennara í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

Sveitarfélag 1b:

- Sveitarfélagið er þáttakandi í samstarfsneti sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um símenntun leik- og grunnskólakennara. Í gengum það samstarf er boðið upp á námskeið á hálfsmánaðar fresti. Sveitarfélögin greiða hvert og eitt ákveðna upphæð til þessa samstarfs sem fer eftir stærð sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið er í samstarfi við RannUng um rannsóknir í leikskólastarfi og hefur sett í það um 150 þús. kr. síðastliðinn tvö ár.
- Árlegt framlag í fjárhagsáætlun er 520 þús. kr. til leikskóla og 900 þús. kr. til grunnskóla.
- Einnig er rekinn skólaþróunarsjóður hjá sveitarfélaginu þar sem kennarar geta sótt um stuðning við skólaþróunarverkefni eða til starfsþróunar (700 þús. kr.)
- Hægt er að sækja um styrk til sveitarfélagsins til að stunda fjarnám á háskólastigi samhliða starfi og viðurkennt framhaldsnám á háskólastigi samhliða starfi.

Sveitarfélag 1c:

- Sveitarfélagið rekur skólaþjónustu/fræðsluvið en hefur einnig verið í samstarfi við fræðslustofnanir í nærliggjandi sveitarfélögum og tekið þátt í starfsþróunarverkefnum með þeim.
- Sveitarfélagið varði 4-5 mkr. til símenntunar og starfsþróunarverkefna árið 2013 bæði inn í sjálfa skólana en einnig til samstarfsverkefna sem það er þáttakandi í ásamt nærliggjandi sveitarfélögum.
- Sveitarfélagið stendur nú fyrir úttekt á símenntun í skólunum og vill í framhaldinu efla þann þátt enn frekar.

Flokkur 2: Sveitarfélög með 1.000-5.000 íbúa

Sveitarfélag 2a:

- Veitir styrki til framhalds- og háskólanáms. Styrkurinn er 50 þús. kr. eingreiðsla ásamt því greiðir sveitarfélagið sem nemur 24 starfsstundum sem nýttar eru til náms. (Samkvæmt reglum á að greiða 48 stundir en sveitarfélagið getur aðeins greitt 24 stundir samkvæmt fjárhagsáætlun).
- Sveitarfélagið greiðir um 15 þús. kr. á stöðugildi kennara inn í skólana. Var um 30 þús. kr. fyrir hrun. Í heildina fara um 2,5-3 mkr. í starfsþróun til leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið greiðir aðeins þessa upphæð sýni skólar að þeir séu að nýta fjárhæðina til starfsmenntunar og hefur sú þörf alltaf verið til staðar.
- Sveitarfélagið er leiðandi þegar kemur að því að innleiða stór þróunarverkefni í öllum skólum sveitarfélagsins samkvæmt fræðslustefnu þess. Þar má nefna verkefni eins og innleiðingu á uppeldi til ábyrgðar og innleiðingar á ART verkefni. Sveitarfélagið sækir um styrki til að fjármagna slík verkefni t.d. til starfsmenntasjóða kennara.
- Skólaskrifstofa svæðisins skipuleggur og heldur á hverju hausti námskeið sem skólarnir á öllu svæðinu geta sótt. Skólarnir greiða þessi námskeið yfirleitt sjálfir með því fjármagni sem þeir hafa til umráða.

Sveitarfélag 2b:

- Rekur fræðsluvið sem styður við starfsþróun í skólunum m.a. með því að veita ráðgjöf, miðla upplýsingum, skipuleggja og halda námskeið og fræðsludag. Sveitarfélagið veitir þessari þjónustu um 1 mkr. til að standa straum af kostnaði.
- Veitir um 9 mkr. til ýmissa þátta sem varða starfsþróun inn í leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Grunnskólarnir fá um 5,5 mkr., leikskólar 2,6 mkr. og tónlistarskóli 800 þús. (Fjármagninu er fyrst og fremst varið til að sækja námskeið/ráðstefnur út fyrir sveitarfélagið eða til að halda námskeið í skólum og fá aðkeypta sérfræðinga).
- Greiðir bifreiðastyrki, dagpeninga og gistingu.
- Styður aukalega við starfsmenn ef þarf þegar þeir fara til útlanda og nýta sinn kjarasamningsbundna rétt til styrkja.

Sveitarfélag 2c:

- Aðili að skóla- og velferðaðþjónustu ásamt nágrennasveitarfélögum, greitt til þjónustunnar eftir nemendafjölda. Hlutverk skólaþjónustunnar er m.a. að koma á markvissu samstarfi milli skóla í sveitarfélögum. Skipulögð eru námskeið samkvæmt fræðslustefnu á hverju hausti og haldnir reglubundnir fræðslufundi ryfir veturinn.
- Styrkir starfsfólk til að sækja sér framhaldsnám með því að greiða þeim laun meðan á námi stendur. Sett eru skilyrði um að fólk starfi áfram í a.m.k. í tvö ár eftir að námi líkur hjá sveitarfélaginu.
- Greiðir engar fastar greiðslur inn í skólana.

Sveitarfélag 2d:

- Kennarar geta sótt um styrk til sveitarfélagsins vegna aksturs og uppihalds í tengslum við að afla sér aukinnar menntunar. Árið 2013 var áætlað í þetta um 600 þús. kr.
- Veitir um 300 þús. til leikskóla og 1 mkr. til grunnskóla. Skólastjórnendur sjá alfarið um að ráðstafa og skipuleggja hvernig þeir nýta þessa fjármuni til starfsþróunar. Yfirleitt þarf starfsfólk að sækja námskeið utan síns sveitarfélags.

- Aðili að félags- og skólaþjónustu sem er starfrækt með nágranasveitarfélögum. Greiðir fasta upphæð til þeirrar þjónustu á mánuði en einhver smá hluti af þeirri upphæð fer í að skipuleggja námskeið. Kveikjan af slíkum námskeiðum er yfirleitt þannig að skólastjórnendur hafa samband við skólaþjónustuna og kalla eftir námskeiðum sem skólaþjónustan sér um að skipuleggja. Þegar svo er borgar sveitarfélagið fyrir sitt starfsfólk en yfirleitt eru þessi námskeið niðurgreidd af skólaþjónustunni.

Flokkur 3: Sveitarfélög með 500-1.000 íbúa

Sveitarfélag 3a:

- Veitir um 500 þús. kr. til grunnskólans (stór hluti fjármagnsins fer í ferðakostnað og dagpeninga við að sækja námskeið/ráðstefnur í Reykjavík).
- Engin föst upphæð greidd til leikskólans.
- Styrkir kennara í leik- og grunnskóla til að sækja sér viðbótarmenntun með því að greiða þeim laun á meðan á námi stendur, t.d. fjarnám í lotum.
- Þegar haldnir eru starfsdagar þá sér sveitarfélagið um þá. Fengnir eru ráðgjafar og sér sveitarfélagið um þann kostnað. Stór hluti fjármagns til starfsþróunar síðustu 1-2ja ára hefur farið í innleiðingu á Uppeldi til menntunar í grunnskólanum.

Sveitarfélag 3b:

- Staðsett stutt frá skólaþjónustu og getur auðveldlega sótt sér sérfræðiþjónustu.
- Veitti 1,6 mkr. til starfsmenntunar í grunnskólann (fjármagn fór í að innleiða þróunarverkefni, standa straum að námsferðum innanlands og skipuleggja fyrirlestra og námskeið innanhúss).
- Veitti 320 þús. kr. til starfsmenntunar í leikskólann (fjármagn notað til að greiða námskeiðsgjöld, sækja fundi/ráðstefnur og greiða fyrir ferðakostnað innanlands).

Sveitarfélag 3c:

- Er aðili að skólaskrifstofu landshlutans sem heldur utan um og skipuleggur námskeið fyrir grunnskólakennara á svæðinu. Skólaskrifstofan kemur til móts við sveitarfélagið um kostnað en sveitarfélagið þarf að sjá um ferðakostnað og námskeiðsgjöld að hluta. Enginn starfandi leikskólafulltrúi og lítið um stuðning við leikskólastigið.
- Félag skólastjóra og kennara á svæðinu skipuleggja þing og námskeið og þá sjá félögin um kostnaðinn að mestu en sveitarfélagið greiðir kostnað við ferðir og uppihald.
- Veitir um 200 þús. kr. til símenntunar en miðað er við um 13 þús. kr. á hvern starfsmann. Einnig varið um 200 þús. kr. í akstur og uppihald vegna funda og ráðstefna.

Sveitarfélag 3d:

- Ekki ákveðin upphæð sem sveitarfélagið veitir til starfsmenntunar inn í leik- og grunnskólann. Ef skólastjórnendur vilja að starfsmenn sækji námskeið þá gera þeir það í samráði við sveitarfélagið og sveitarfélagið styður við það eftir því sem fjármagn leyfir.
- Stutt er við starfsmenn í leik- og grunnskóla ef þeir vilja sækja sér nám með því að hliðra til í starfi en þeir fá ekki greidd laun meðan á námi stendur.

- Skólaskrifstofa svæðisins býður upp á námskeið á hverju hausti sem grunnskólinn getur nýtt sér og greiðir þá akstur og námskeiðsgjöld fyrir starfsmenn. Einnig hefur skólinn farið í skólaheimsóknir og stendur þá straum af kostnaði sem hlýst af því. Lítið um námskeið fyrir leikskólastigið.
- Erfitt fyrir grunnskólann vegna skorts á fjármagni að taka inn stór þróunarverkefni þó vilji sé fyrir því.
- Skólastjórnendur telja það vera kost ef sveitarfélög af þessari stærð gætu sameinast öðrum sveitarfélögum til að efla enn frekar samstarf milli skóla.

Flokkur 4: Sveitarfélög með 500 íbúa og færri

Sveitarfélag 4a:

- Veitir 500-600 þús. kr. til símenntunar og starfsþróunar í grunnskólanum árlega og 200-300 þús. í leikskólanum. Fjármunir eru aðallega nýttir til að senda starfsfólk á námskeið sem haldin eru utan sveitarfélagsins. Lítið um að ráðgjafar séu fengnir inn í skólann.
- Viðmiðið er að skólinn greiði þau námskeið sem skólastjórnendur leggja áherslu á að starfsmenn sækji. Ef starfsmenn vilja sækja önnur námskeið á sínum forsendum þurfa þeir að sækja um í sína starfsmenntasjóði fyrir þeim kostnaði.
- Styður við skólaheimsóknir ef ekki hefur fengist fyrir kostnaði úr starfsmenntasjóðum. Greiðir aukalega fyrir kostnað sem hlýst af stórum þróunarverkefnum, því það er partur af stefnu skólans t.d. við innleiðingu á Olweus og Byrjendalæsi.

Sveitarfélag 4b:

- Veitir ekki ákveðna upphæði til leik- og grunnskóla. Um 1 mkr. var veitt í námskeið og fundi árið 2013.
- Styður við kennara ef þeir vilja sækja sér viðbótar nám með því að hliðra til í starfi.

Sveitarfélag 4c:

- Veitir um 200 þús. kr. til grunnskólans og um 50 þús. kr. til leikskólans en það fé fer í að greiða kostnað sem hlýst af því að sækja námskeið og ráðstefnur.
- Þó nokkuð samstarf milli grunnskóla í nærliggjandi sveitarfélögum og oft skipuleggja skólarnir í sameiningu námskeið og þá greiðir sveitarfélagið þann kostnað sem hlýst af því að senda sitt fólk á námskeið.

Sveitarfélag 4d:

- Veitir um 500 þús. kr. árlega til leik-, grunn- og tónlistarskóla. Fjárhæðin fer að mestu leyti í að senda starfsmenn á námskeið sem skipulögð eru hjá skólaþjónustu landshlutans. Sjaldan eru sótt námskeið til Reykjavíkur þar sem ferðakostnaður er mikill og oft erfitt að treysta á samgöngur.
- Lítið um að haldin séu námskeið í sveitarfélaginu sjálfu og nánast aldrei kallaðir til ráðgjafar vegna mikils kostnaðar.
- Lítil samstaða milli nágrennasveitarfélaga en horfir þó til betri vegar.